# Byggðakönnun

## Borgarhluti 5 – Háaleiti



**Reykjavík 2014**

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 164

Drífa Kristín Þrastardóttir
Anna Lísa Guðmundsdóttir
Gunnþóra Guðmundsdóttir
María Gísladóttir
Helga Maureen Gylfadóttir
Guðný Gerður Gunnarsdóttir

# Byggðakönnun

## Borgarhluti 5 – Háaleiti




**Reykjavík 2014**

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 164

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagsviðs Reykjavíkurborgar
vegna hverfisskipulagsvinnu.

Hverfakort: Halldóra Hrólfsdóttir, skipulagsfræðingur – Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður.

© Minjasafn Reykjavíkur Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir.

Mynd á forsíðu: Loftmynd frá um 1960. Séð yfir Bústaðaveg, Sogaveg, Miklubraut og Suðurlandsbraut. Ljósm. ókunnur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS LS 33-35.jpg.

Minjasafn Reykjavíkur
Reykjavík 2014
Öll réttindi áskilin.

## Efnisyfirlit

**Formáli** ... 6

**1. Byggðakönnun** ... 8

**1.1 Borgarhluti 5 – Háaleiti** ... 8

**1.2 Saga byggðar – borgarhluti 5** ... 9

1.2.1 Staðhættir og örnefni ... 9

1.2.2 Í landi Laugarness og Bústaða ... 10

1.2.3 Svæðið fyrir tíð skipulags ... 12

1.2.4 Hernámsárin ... 24

1.2.5 Skipulag hverfishluta í borgarhluta 5 ... 28

**2. Skráning menningarminja í borgarhluta 5 – Háaleiti** ... 51

**2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja** ... 51

**2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja** ... 54

2.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur ... 54

2.2.2 Húsaskrá Reykjavíkur ... 55

**2.3 Borgarhluti 5 – Háaleiti – Fornleifaskráning og varðveislumat fornleifa og yngri minja** ... 56

2.3.1 Fornleifar í borgarhluta 5 ... 58

2.3.2 Yngri minjar í borgarhluta 5 ... 64

2.3.3 Herminjar í borgarhluta 5 ... 66

2.3.4. Varðveislumat fornleifa og yngri minja ... 67

**2.4 Borgarhluti 5 – Háaleiti – Hverfisskráning og varðveislumat hverfishluta** ... 68

2.4.1 Gerði. *Bústaðahverfi*. Bústaðavegur, Grensásvegur, Hólmgarður, Tunguvegur, Hæðargarður og Ásgarður. ... 72

2.4.2 Gerði. *Smáibúðahverfið* ... 73

2.4.3 Gerði. Heiðargerði og Hvammsgerði. ... 74

2.4.4 Gerði. Sogavegur, Akurgerði, Grundargerði, Breiðagerði, Bakkagerði, Teigagerði, Steinagerði, Mosgerði, Melgerði, Hlíðargerði, Háagerði, Hæðargarður og Hólmgarður ... 76

2.4.5 Gerði. Réttarholtsvegur, Hamarsgerði, Langagerði, Sogavegur og Tunguvegur. 78

2.4.6 Gerði. Rauðagerði, Borgargerði, Básendi, Ásendi, Garðsendi, Ásgarður, Litlagerði, Skógargerði, Leynigerði, Austurgerði og Byggðarendi. ............................ 79

2.4.7 Gerði. Furugerði, Espigerði, Stóragerði, Álmgerði, Brekkugerði, Víðigerði, Seljugerði, Hlyngerði, Furugerði og Skálagerði........................................................ 80

2.4.8 Háaleiti. Álftamýri, Safamýri, Starmýri, Háaleitisbraut og Fellsmúli. ............... 82

2.4.9 Háaleiti. Hvassaleiti og Kringlan. ..................................................................... 83

2.4.10 Fossvogur. Aðalland, Akraland, Ánaland, Áland, Álfaland, Álftaland, Árland, Bjarmaland, Brautarland, Brúnaland, Búland, Dalaland, Efstaland, Eyrarland, Gautland, Geitland, Giljaland, Goðaland, Grundarland, Haðaland, Helluland, Hjallaland, Hulduland, Hörðaland, Hörgsland, Kelduland, Kjalarland, Kúrland, Kvistaland, Ósland, Markland, Logaland, Ljósaland, Láland, Seljaland, Snæland, Sævarland, Traðarland, Undraland og Vogaland. ...................................................... 85

2.4.11 Fossvogur. Sléttuvegur, Fossvogsvegur, Markarvegur, Kjarrvegur, Klifvegur, Skógarvegur og Háaleitisbraut. ........................................................................... 86

2.4.12 Fossvogur. *Blesugróf.* Blesugróf, Stjörnugróf, Jöldugróf og Bleikargróf. ......... 87

2.4.13 Háaleiti. *Múlar.* Ármúli, Fellsmúli, Lágmúli, Hallarmúli, Síðumúli, Vegmúli, Suðurlandsbraut og Grensásvegur. ................................................................... 88

2.4.14 Kringla. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrarbraut og Miklabraut. ................... 89

2.4.15 Kringla. Ofanleiti, Miðleiti, Neðstaleiti og Efstaleiti. ....................................... 90

**Heimildaskrá** ........................................................................................................ 91

**Myndaskrá** ........................................................................................................... 97

**Viðauki 1 – Minjar í borgarhluta 5** ..................................................................... 101

**Viðauki 2 – Skýrslur í ritröð Minjasafns Reykjavíkur sem fjalla um svæði innan borgarhluta 5 - Háaleitis** ............................................................................................ 104

# Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar í hverfinu **Háaleiti** í Reykjavík en svæðið markast í vestur af línu sem dregin er eftir miðri Kringlumýrarbraut. Í austur markast hverfið af Reykjanesbraut. Í norður markast hverfið af línu sem er dregin um eftirtaldar götur og skal miðað við miðju þeirra: Suðurlandsbraut, Grensásveg og Miklubraut. Í suður markast hverfið af sveitarfélaga-mörkum Kópavogs.

Byggðakönnunin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna gerðar hverfisskipulags á svæðinu. Ákvæði um hverfisskipulag er að finna í 37. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og þar segir:

> *„Þegar unnið er* ***deiliskipulag í þegar byggðu hverfi*** *skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð* ***húsakönnunar****.*
> *Þegar unnið er að slíku* ***hverfisskipulagi*** *er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um* ***yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar*** *auk almennra rammaskilmála.*
> *Við deiliskipulagsgerð í þegar byggðu hverfi getur sveitarfélag ákveðið að skilgreina afmarkað svæði sem þróunarsvæði þar sem vinna skal hefðbundið deiliskipulag.“*[1]

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.[2] Samkvæmt lögunum eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð.[3] Jafnfram er kveðið á um að eigendum: „…húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.“[4]

Minjasafn Reykjavíkur hefur um árabil gert húsakannanir í samræmi við ofangreint ákvæði skipulagslaga og eru þær hluti af gögnum vegna gerðar deiliskipulags.[5]

Húsakönnun er *„byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda“*[6] Húsakönnun sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er tvíþætt; ***byggðakönnun*** með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins

---

[1] *Skipulagslög 2010 – nr. 123 – 22. september*, 8. kafli, 37. gr. Tóku gildi 1. janúar 2011.
[2] *Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012*. Tóku gildi 1. janúar 2013.
[3] *Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012*, 7. kafli, 29. gr. Tóku gildi 1. janúar 2013.
[4] *Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012*, 7. kafli, 30. gr. Tóku gildi 1. janúar 2013.
[5] Sjá skýrslur Minjasafns Reykjavíkur. Vefur Minjasafns Reykjavíkur. Vefslóð: http:// www.minjasafnreykjavikur.is → Útgáfa → Skýrslur.
[6] Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: http://www.husafridun.is → Leiðbeiningar → Húsakannanir →Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannanna → nálgast hér → Byggða- og húsakönnun, 6. október 2009. Sótt 18. september 2013.

og ***húsakönnun*** með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur varðveislumat til eftirtalinna þátta: *byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfis-gildis og upprunalegrar gerðar húss. Út frá mati á þessum þáttum skulu færð rök fyrir varðveislugildi.*[7]

Hverfisskipulag er sérstök útfærsla á deiliskipulagi og eins og kemur fram í skipulagslögum skal í því leggja áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar. Þar sem hverfisskipulag tekur til mun stærra svæðis en hefðbundið deiliskipulag gerir og áhersla er á setningu rammaskilmála en ekki skilmála fyrir einstakar lóðir, þurfa húsakannanir við gerð hverfisskipulags að ríma við framsetningu þess.

Byggða- og húsakönnun fyrir hverfisskipulag er skipt í áfanga sem samræmast áfangaskiptum í vinnu við hverfisskipulag. Í þessum fyrsta áfanga er leitast við að gefa yfirlit yfir sögu hverfisins, lýsa staðháttum og greina frá upphafi og þróun byggðar. Gerð er grein fyrir byggðamynstri og menningarminjum; fornleifum og friðuðum og friðlýstum húsum og mannvirkjum. Þá er og gerð grein fyrir fornleifum í hverfinu og lögð fram fornleifaskrá.

Í þessum fyrri áfanga, byggðakönnun, er lagt fram varðveislumat fyrir hverfishluta, þar sem metið er varðveislugildi samstæðra heilda, húsa, götumynda og byggðamynsturs, sem er grunnur að tillögum að hverfisvernd í hverfisskipulagi. Í öðrum áfanga er gert ráð fyrir að leggja fram húsaskrá og að hefðbundnar húsakannanir verði síðan unnar í áföngum jafnframt því sem eldri húsakannanir verði endurskoðaðar.

Varðveislumat byggðakönnunar fyrir hverfisskipulag tekur til mats á yfirbragði byggðar. Þar eru greind helstu einkenni byggðarinnar og lagt mat á varðveislugildi heilda, svo sem götumynda og byggðamynsturs en ekki einstakra húsa. Þó er leitast við að benda á byggingar sem eru kennileiti í byggðinni, teljast góðir fulltrúar byggingarlistar ákveðins tímabils, sem hafa haldið upprunaleika sínu eða eru gott höfundarverk. Ennfremur er bent á byggingar sem hafa táknrænt gildi fyrir samfélagið vegna hlutverks eða sögu.

Mars 2014,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður

Minjasafni Reykjavíkur

[7] Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: http://www.husafridun.is → Leiðbeiningar → Húsakannanir →Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannanna → nálgast hér → Byggða- og húsakönnun, 6. október 2009. Sótt 18. september 2013.

# 1. Byggðakönnun

## 1.1 Borgarhluti 5 – Háaleiti

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á borgarhluta 5 í Reykjavík. Úttektin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs í samræmi við skipulagslög vegna gerðar hverfisskipulags í borginni. Eitt meginmarkmið með gerð hverfisskipulags er að einfalda skipulagsgerð í þegar byggðum hverfum og um leið auka samráð við borgarbúa um nánasta umhverfi þeirra. Í hverfisskipulagi felst einnig ákvarðanataka og lögfestur rammi sem er grundvöllur fyrir byggingarleyfisumsókn.

Borgarhlutinn **Háaleiti** afmarkast í vestur af línu sem dregin er eftir miðri Kringlumýrarbraut. Í austur markast hverfið af Reykjanesbraut. Í norður markast hverfið af línu sem er dregin um eftirtaldar götur og skal miðað við miðju þeirra: Suðurlandsbraut, Grensásveg og Miklubraut. Í suður markast hverfið af sveitarfélagamörkum Kópavogs.

Borgarhlutinn **Háaleiti** skiptist í minni hverfishluta sem eru fastmótaðir og fullbyggðir að mestu en atvinnusvæðin eru enn í þróun og uppbyggingu. Helstu uppbyggingarmöguleikar í hverfinu eru í Múlunum sem og á Kringlusvæðinu. Til hverfisins teljast hverfishlutarnir *Háaleiti, Múlar, Kringlan, Bústaðir, Fossvogur, Smáíbúðahverfi og Blesugróf*.[8]



**Mynd 1**. Borgarhluti 5 á loftmynd frá 2013.[9]

[8] *Borgarsýn*, 2. tbl. 2012, bls. 8.
[9] Afmörkun sett inn á loftmynd af Borgarvefsjá. Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/.

## 1.2 Saga byggðar – borgarhluti 5

### 1.2.1 Staðhættir og örnefni

Svæðið sem hér er til umfjöllunar einkennist af holtum og ásum en á milli þeirra voru áður mýrar sem nú eru horfnar. Vestast var *Kringlumýri*, sem teygði sig yfir landsvæðið milli Rauðarárholts og Grensáss, en suðurhluti hennar hét *Mjóamýri*. Úr Kringlumýri rann *Fúlutjarnarlækur* til sjávar á Kirkjusandi. *Grensás*, einnig kallaður Grensháls, lá austur af Kringlumýri. Suðurhluti hans hefur verið kallaður *Háaleiti*. Austur af Grensási tók við *Sogamýri* eða *Sogin* svokölluð, mýrarfláki milli Bústaðaholts og Dragháls í Langholti. *Merkjalækur* eða Markalækur rann úr Sogamýri út í Elliðaárós. *Bústaðaholt* eða Bústaðaháls liggur milli Sogamýrar og Fossvogsdals. *Fossvogsdalur* er á suðurmörkum svæðisins og nær frá botni Fossvogs austur að Blesugróf. Um dalinn rennur *Fossvogslækur* úr *Fossvogsmýri* út í *Fossvog*. Austasti hluti hans hét *Faxakelda*. Á austurmörkum svæðisins er *Blesugróf*, svæði nálægt vestari bakka Elliðaánna þar sem hvilft var í landslaginu og melhólar.[10]




**Mynd 2**. Örnefni og lögbýli á svæðinu sem nú fellur undir borgarhluta 5.[11]

---

[10] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 93, 108, 139 og 167; 2. bindi (H-P), bls. 28 og 106; 3. bindi (R-Ö), bls. 74-75 – Einar S. Arnalds: *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi, kort Guðlaugs R. Guðmundssonar bls. 174-175 – Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, kort Karls Benediktssonar bls. 8-9.

[11] Kort unnið á kortagrunn Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR). Heimild um örnefni: Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 28 – Einar S. Arnalds: *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi, kort Guðlaugs R. Guðmundssonar bls. 174-175 – Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, kort Karls Benediktssonar bls. 8-9.

## 1.2.2 Í landi Laugarness og Bústaða

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla og svæðið sem hér er til umfjöllunar, borgarhluti 5, tilheyrði að mestu leyti tveimur jörðum, *Laugarnesi* og *Bústöðum*.

Vesturhluti svæðisins tilheyrði að mestu jörðinni *Laugarnesi*. Jörðin Laugarnes er talin hafa byggst snemma út úr landnámsjörðinni Reykjavík (Vík). Í Laugarnesi var kirkja allt fram á 18. öld. Frá um 1825 fram til loka 19. aldar stóð þar Laugarnesstofa, embættisbústaður biskups. Eftir að biskupsembættið flutti frá Laugarnesi 1856 var Laugarnesjörðin seld félaginu „Sameigendur Lauganess" sem réði til sín ábúanda sem sá um jörðina. Jörðin varð eign Reykjavíkurbæjar árið 1885 og var lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur 1894. Árið 1898 reistu danskir Oddfellowar holdsveikraspítala í Laugarnesi en sú bygging brann árið 1943.[12]




**Mynd 3**. Kort sem sýnir jarðamörk lögbýla á svæðinu árið 1703 á grunni úr LUKR.[13]

Samkvæmt gömlum landamerkjalýsingum lágu vesturmörk jarðarinnar frá steini nokkrum á Kirkjusandi að Ámundaborg, sem talin er hafa verið fjárborg milli Grensáss og Rauðarárholts, og þaðan suður yfir Kringlumýri og Mjóumýri ofan í klettinn Hanganda í botni

[12] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 121-126 og 127 – Lúðvík Kristjánsson: *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, bls. 29.
[13] Kort úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 15. ágúst 2013.

Fossvogs. Þaðan munu mörkin hafa legið til austurs um Fossvogsmýri að upptökum Fossvogslækjar í Faxakeldu svokallaðri og þaðan til norðausturs eftir Bústaðamelum að Bústaðaborg, sem var fjárborg í lægðinni milli Bústaðaholts og Grensáss. Frá Bústaðaborg lá landamerkjalínan norður um Sogamýri í svonefnda Þrísteina, sem munu hafa verið skammt frá þar sem nú eru gatnamót Suðurlandsbrautar og Skeiðarvogs, og þaðan fram eftir Laugarási í Líkavörðu skammt sunnan við Vatnagarð.[14]




**Mynd 4**. Vestasti hluti svæðisins á korti frá 1850.[15]

Austan landamerkjalínunnar sem lá yfir Bústaðaholt og Sogamýri að Þrísteinum var land jarðarinnar *Bústaða*. Austurhluti borgarhlutans sem hér er til umfjöllunar tilheyrði að mestu þeirri jörð. Bústaðir byggðust úr landi Laugarness og er jarðarinnar getið í einni

[14] Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“, *Reykjavík: miðstöð þjóðlífs*, bls. 295-302 – Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 16.
[15] Hluti af korti Björns Gunnlaugssonar af Reykjavík 1850. Afrit. Minjasafn Reykjavíkur.

biskupasagna, Þorlákssögu, en þar er greint frá jarteiknum sem þar urðu árið 1325.[16] Bústaðir voru í eigu Viðeyjarklausturs til siðaskipta en urðu þá eign konungs. Reykjavíkurbær keypti jörðina árið 1898 og 1923 var Bústaðaland lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Búskapur var stundaður að Bústöðum allt fram undir 1970.[17]

Svæðið *Blesugróf* á austurjaðri borgarhlutans tilheyrði jörðinni *Breiðholti*. Jörðin Breiðholt var lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur árið 1923, um leið og jarðirnar Bústaðir og Eiði.

### 1.2.3 Svæðið fyrir tíð skipulags

#### Þjóðleiðin yfir Bústaðaholt

Vegna legu í bæjarlandinu hafa þjóðleiðir og síðar umferðaræðar sett svip sinn á svæðið. Vegna þess hve mýrarnar voru víðlendar umhverfis Reykjavík var greiðasta leiðin frá kaupstaðnum um holtin. Elst var þjóðleiðin sem lá frá Skólavörðuholti um Öskjuhlíð og áfram austur Bústaðaholt á þeim slóðum þar sem Bústaðavegur er nú og yfir Ártúnsvað í Elliðaám.[18] Þjóðleiðin yfir Bústaðaholt var aðalvegurinn austur úr bænum þar til byggðar voru tvær brýr yfir Elliðaár árið 1883 og nýr vegur var lagður í framhaldi af Laugavegi norður fyrir Grensás og í gegnum Sogamýri, sem ýmist var nefndur Suðurlandsvegur eða Suðurlandsbraut (núverandi Suðurlandsbraut).

#### Mýrarnar

Mýrarnar á svæðinu, Kringlumýri, Fossvogsmýri og Sogamýri, voru á 19. öld og fram á þá 20. einkum notaðar sem beitilönd fyrir búpening og hesta Reykvíkinga. Á ofanverðri 19. öld lét bæjarstjórn ræsa fram hluta Kringlumýrar og gera þar beitiland fyrir kýr. Í Kringlumýri var einnig stunduð mótekja og í kolaskortinum á árum fyrri heimsstyrjaldar lét bæjarstjórn leggja þar vegi og gera skurði til að hefja mætti þar mónám í stórum stíl, en einstaklingar fengu mólönd í Fossvogi, Rauðamýri og Laugamýri. Þessi mótekja lagðist af upp úr 1920. Í Fossvogi voru einnig reistar girðingar fyrir kúahaga snemma á 20. öld en þeir voru lagðir niður á þriðja áratugnum.[19]

---

[16] *Biskupasögur* I, bls. 390.

[17] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 108-109 – Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 47 og 84 – Lúðvík Kristjánsson: *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, bls. 29 – *Vísir*, 15. febrúar 1963, bls. 7 – *Morgunblaðið*, 14. nóvember 1968, bls. 4.

[18] Skammt norðan við þjóðveginn á Bústaðaholti var svokallaður Söðulsteinn, sérkennilegur steinn líkur hnakk í laginu sem mun hafa borist úr fjöllum með ísaldarjökli. Þessi steinn stendur enn rétt norðaustan við gatnamót Réttarholtsvegar og Bústaða (niður af vesturenda raðhússins Réttarholtsvegar 81-97). Árni Óla: *Reykjavík fyrri tíma*, 2. bindi, bls. 434-435.

[19] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 18, 20, 216-217 og 224 – Lúðvík Kristjánsson: *Við fjörð og vík. Brot úr endurminningum Knud Zimsens*, bls. 234-237 – Vigfús Guðmundsson: „Búnaðarmál í Reykjavík“. *Þættir úr sögu Reykjavíkur*, bls. 162 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar 1870-1940*. Síðari hluti, bls. 9-10 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 106.



**Mynd 5**. Horft yfir Bústaðaholt austur að Elliðaám og Blesugróf á loftmynd frá 1946. Á myndinni sést Bústaðavegurinn gamli og býli á Bústaðablettum. Til vinstri er hitaveitustokkur sem lagður var á árunum 1939-1943 frá Reykjum í Mosfellssveit vestur í safngeymana á Öskjuhlíð.[20]

## Erfðafestulönd

Á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöld var byrjað að úthluta erfðafestulöndum í Kringlumýri og Fossvogi. Bæjaryfirvöld höfðu hafið úthlutun á erfðafestulandi á síðari hluta 19. aldar til að hvetja til aukinnar ræktunar og búrekstrar í nágrenni við þéttbýlið í Reykjavík og tryggja nægilegt framboð af landbúnaðarafurðum, t.d. mjólk, sem var nauðsynlegt vegna þess hve vegasamband við sveitirnar var slæmt og erfitt að flytja þaðan nauðsynjar. Vegna þessa áttu erfðafestubýlin eftir að gegna mikilvægu hlutverki, einkum á kreppuárunum þegar framboð á mat, sér í lagi mjólkurvörum, var lítið.[21] Einkum voru mýrarnar vinsælar undir ræktunarsvæðin, þar sem holtin voru grýtt og melarnir harðir. Svæðunum var skipt í bletti sem afhentir voru til eignar gegn árlegri leigu, en erfðafestuhafar voru þó skyldaðir til að láta af hendi byggingarlóðir úr erfðafestulöndum sínum, ef á þyrfti að halda, gegn niðurfærslu á árgjaldinu.[22] Á erfðafestulöndunum risu hús sem sum hver standa enn í dag en önnur eru horfin. Sums staðar urðu til sjálfstæðir byggðakjarnar sem síðar urðu úthverfi og stuðlaði þetta í raun að dreifingu byggðarinnar í Reykjavík.[23] Mörg býlanna lögðust af með mjólkursölulögum sem sett voru árið 1934 en þau höfðu í för með sér að bændum í Reykjavík

[20] Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS LS 33-34.
[21] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 106 – Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 3: Byggingar og minjar*, bls. 6 – Nikulás Úlfar Másson: *Húsakönnun. Skógarhlíð*, bls. 1 og 7.
[22] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 39 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Fyrri hluti, bls. 47-49.
[23] Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi*, bls. 121.

reyndist erfiðara að selja mjólk sína beint til neytenda.[24] Erfðafestubýlin féllu svo gjarnan inn í hina nýju byggð eftir því sem hún breiddi úr sér yfir gömlu erfðafestulöndin og erfðafestuhafarnir fengu í staðinn lóðir sem mældar voru út umhverfis íbúðarhús þeirra. Í öðrum tilvikum þurftu gömlu býlin, með öllum ummerkjum um búskap og ræktun, að víkja fyrir nýju skipulagi.




**Mynd 6**. Erfðafestublettir á svæðinu sem borgarhluti 5 tekur til.[25]

Meðal þeirra erfðafestubýla sem fyrst byggðust á svæðinu sem hér er til umfjöllunar er *Lækjarhvammur*, sem Árni Gíslason póstur reisti norðarlega í Kringlumýri árið 1892. Býlið stóð á vesturbakka Fúlutjarnarlækjar, sunnan Suðurlandsbrautar (sem þá taldist á þessum kafla til Laugavegar), eða rétt suðaustan við núverandi gatnamót Suðurlandsbrautar og

[24] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 106 – Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 3: Byggingar og minjar*, bls. 4.
[25] Kort af erfðafestublettum í Reykjavík, teiknað af Þorleifi Kristóferssyni 5. apríl 1955. Afrit. Minjasafn Reykjavíkur.

Kringlumýrarbrautar (þar sem nú er Lágmúli 4). Frá 1926 bjó í Lækjarhvammi Einar Ólafsson forystumaður í búnaðarmálum, og rak þar stórt bú með á milli 20 og 30 mjólkandi kúm. Á sjöunda áratug 20. aldar varð býlið að víkja fyrir skipulagi og voru bæjarhúsin rifin árið 1967.[26] Í nágrenni Lækjarhvamms eða nokkru suðaustar reisti Páll Halldórsson skólastjóri Stýrimannaskólans býlið *Seljaland* árið 1911. Þar var búskapur fram undir lok sjötta áratugar 20. aldar en bæjarhúsin, sem voru í götustæði Háaleitisbrautar við vesturhornið á Ármúla, voru rifin árið 1967 (sjá mynd 27).[27]



**Mynd 7.** Býlið *Lækjarhvammur* við Suðurlandsbraut á ljósmynd frá 1963-1965. Í baksýn sést stórhýsi Kr. Kristjánssonar hf., Suðurlandsbraut 2, í byggingu (Hótel Esja, nú Hilton Reykjavík Nordica).[28]

Á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld var unnið að framræslu lands á vegum bæjarins meðal annars í Kringlumýri og Fossvogi. Með vélvæðingu og notkun þúfnabana á árunum milli stríða efldist landnám til ræktunar mjög og þá bættist Sogamýrin við þau svæði sem þegar hafði verið hafist handa við að rækta.[29] Á þessum svæðum var úthlutað svokölluðum Kringlumýrarblettum, Fossvogsblettum, Bústaðablettum, Sogamýrarblettum og Sogablettum. Fyrstu býlin risu á þriðja áratugnum en haldið var áfram að úthluta blettum á þessum svæðum á fjórða áratugnum og fram á þann fimmta.

[26] Minjasafn Reykjavíkur: Húsaskrá Reykjavíkur – Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 44, 99 og 107-108 – Vigfús Guðmundsson: „Búnaðarmál í Reykjavík". *Þættir úr sögu Reykjavíkur*, bls. 161 – Freyja Jónsdóttir: „Kringlumýrarblettir". *Dagur*, Íslendingaþættir, blað 3, 28. mars 1998, bls. II – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 157-158.
[27] Minjasafn Reykjavíkur: Húsaskrá Reykjavíkur – Vefur: Heimasíða Þórunnar Traustadóttur. Vefslóð: http://www.ismennt.is/not/thtraust2 → Hverfið mitt, Háaleitið → Seljaland. Sótt 18. september 2013.
[28] Ljósm. Óskar Sigvaldason. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÓSS 007 003 1-2.
[29] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 44-45, 106 og 117.

## Kringlumýrarblettir

Á Kringlumýrarblettum var búskapur mismikill en flestir höfðu þar garðrækt, enda var jarðvegurinn léttur og hentugur til ræktunar þó landið þætti lélegt byggingarland. Þar reistu menn kofa og sumarskýli á löndum sínum og sumir heilsársbústaði. Á kreppuárunum beindust sjónir manna í auknum mæli að garðyrkju og smábúskap og þá lét Reykjavíkurbær ræsa betur fram hluta Kringlumýrar og plægja þar garða sérstaklega undir matjurtarækt. Þar var úthlutað um 100 görðum til matjurtaræktar árið 1933 og rúmlega 260 til viðbótar á árunum 1937-1939, auk garða sem bættust við í landi Seljalands árið 1942. Þarna voru ein helstu ræktunarlönd bæjarbúa í mörg ár og mikil byggð kartöfluskúra, en undir lok sjötta áratugar 20. aldar voru garðarnir í Kringlumýri lagðir niður.[30]



**Mynd 8**. Horft suðaustur yfir matjurtagarðana í Kringlumýri á loftmynd frá 1946. Vinstra megin sjást bústaðir og býli á erfðafestublettum við Seljalandsveg og Háaleitisveg (Kringlumýrarblettir 11-27). Húsið efst fyrir miðju stóð þar sem nú er hús Rauða krossins (Efstaleiti 9).[31]

Vestast í mýrinni, í jaðri Rauðarárholts, risu nokkur nýbýli í kringum 1930 við *Kringlumýrarveg*, sem lá á þeim slóðum þar sem nú er austasti hluti götunnar Skipholts og Bolholt (Kringlumýrarblettir 1-10).[32] Við götuna *Seljalandsveg*, sem nefnd var eftir býlinu Seljalandi og lá framhjá því frá Suðurlandsbraut og suður eftir Kringlumýri (sjá mynd 9), risu nokkrir bústaðir og nýbýli á árabilinu 1924-1942 (Kringlumýrarblettir 11-18). Samskonar byggð reis á fjórða áratugnum og fram á þann fimmta við *Háaleitisveg* sem lá frá Suðurlandsbraut suður yfir Háaleiti og Grensás og niður að Bústaðavegi (Kringlumýrarblettir

[30] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 250-252 – Freyja Jónsdóttir: „Kringlumýrarblettir“. *Dagur*, 28. mars 1998 – *Alþýðublaðið*, 6. september 1944, bls. 2 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 106 – *Morgunblaðið*, 13. apríl 1961, bls. 15.
[31] Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS LS 33-14.
[32] Sjá *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*.

19-27 og Sogamýrarblettir 32-46 og 59). Þessar götur, bústaðir og býli viku að mestu fyrir skipulagðri byggð á sjöunda áratugnum þegar íbúðahverfi risu á svæðunum sem kennd eru við Háaleiti og Grensás. Nokkur þeirra húsa sem tilheyrðu hinni eldri nýbýlabyggð voru þó felld inn í skipulagið og standa enn á sínum stað. Þar á meðal eru húsin Hlyngerði 6 (Sogamýrarblettur 32, byggt 1946), Brekkugerði 13 (Sogamýrarblettur 59, byggt 1942) og Brekkugerði 18 (Sogamýrarblettur 34, byggt 1941).

### Golfvöllur í Kringlumýri

Árið 1937 fékk Golfklúbbur Reykjavíkur land undir golfvöll syðst í Kringlumýri, á svæði norðaustan Öskjuhlíðar sem einnig taldist til Leynimýrar eða Mjóumýrar. Völlinn ásamt skála, sem stóð rétt norðvestan við þar sem hús Veðurstofunnar við Bústaðaveg eru nú, vígði danska krónprinsessan Ingiríður árið 1938 og sló hún fyrsta höggið á vellinum. Land golfvallarins var tekið undir byggð í kringum 1960 og á vestari hluta þess var skipulagt einbýlishúsahverfið við Stigahlíð sunnan Hamrahlíðar en á austari hluta þess risu seinna Borgarleikhúsið og Verslunarskólinn og önnur hús við göturnar Listabraut og Ofanleiti.[33]

### Kringlumýri sem flugvallarstæði

Árið 1939 var gerð úttekt á Kringlumýri og fleiri stöðum í og við Reykjavík sem taldir voru koma til greina fyrir flugvöll. Fram að því höfðu menn einkum horft til Vatnsmýrarinnar sem flugvallarstæðis en nú varð niðurstaða sú að Kringlumýrin væri álitlegasti staðurinn. Aldrei kom þó til þess að flugvöllur yrði gerður í Kringlumýrinni, því í kjölfar hernámsins 1940 lögðu Bretar flugvöll í Vatnsmýrinni.[34]

### Sogamýrarblettir

Í Sogamýri lét Reykjavíkurbær ræsa fram og slétta land á árunum 1924-1925 og afhenti það síðan félaginu Landnámi, sem komið var á fót um það leyti til að vinna að stofnun nýbýla í sveitum og kringum þéttbýli. Upp úr því reis byggð nýbýla í Sogamýri.[35]

Um svipað leyti var lagður vegur yfir Sogamýri endilanga og náði hann allt frá Kringlumýrarvegi í Rauðarárholti (í framhaldi af Háteigsvegi) austur að Breiðholtsvegi. Árið 1930 var ákveðið að hann skyldi heita *Sogavegur*. Þá voru einnig nefndar nokkrar aðrar götur sem búið var að leggja yfir Grensás, Sogamýri og Bústaðaholt; *Grensásvegur*, *Réttarholtsvegur*, *Tunguvegur*, *Borgarvegur* (nú Borgargerði) og *Hlíðarvegur* (nú Rauðagerði) (sjá mynd 9). Nokkrum árum síðar var einnig búið að leggja *Háaleitisveg* suður yfir Grensás.[36]

---

[33] *Morgunblaðið*, 18. maí 1937, bls. 7 – *Alþýðublaðið*, 29. júlí 1938, bls. 4 – *Fálkinn*, 1. október 1938, bls. 3 – Vefur Golfklúbbs Reykjavíkur, www.grgolf.is → Um GR. Sótt 18. september 2013.

[34] Arnþór Gunnarsson: „Reykjavíkurflugvöllur. Íslensk-bresk bygging á umdeildum stað." *Saga. Tímarit Sögufélags*, 42. árg. 2. tbl., 2004, bls. 29-31 – Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*, bls. 25-26.

[35] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 84, 106 og 117-118 – *Morgunblaðið*, 10. janúar 1926, bls. 5 – *Dagblað*, 13. júní 1926, bls. 1 – *Dagur*, 31. mars 1926, bls. 51 og 9. sept 1926, bls. 149.

[36] *Vísir*, 2. október 1925, bls. 2 – *Morgunblaðið*, 10. janúar 1926, bls. 5 og 6. nóvember 1930, bls. 4 – *Alþýðublaðið*, 14. september 1934, bls. 1.




**Mynd 9**. Svæðið á korti frá 1947. Hér sjást m.a. garðlöndin í Kringlumýri og horfnar götur og erfðafestubýli í Kringlumýri, Sogamýri, Bústaðaholti og Fossvogsmýri. Austarlega í Sogamýri er fyrsti vísir að íbúðabyggð risinn á Sogablettum, milli Sogavegar og Hlíðarvegar (sem nú er Rauðagerði), en að öðru leyti hefur svæðið ekki enn verið skipulagt undir íbúðabyggð.[37]

Landinu var skipt niður í bletti sem hver um sig var um 3-4 hektarar að stærð. Fyrstu blettunum var úthlutað árið 1925 og strax það ár risu þrjú býli á svæðinu. Á næstu fjórum árum bættust við fleiri býli og röðuðu þau sér flest meðfram Grensásvegi og áfram austur eftir

[37] Hluti af korti Ágústs Böðvarssonar af Reykjavík 1947. Prentað eintak. Minjasafn Reykjavíkur.

Sogavegi (sjá myndir 9 og 10). Við Grensásveg austanverðan stóðu býlin *Grund* eða Litla-Grund (Sogamýrarblettur 1, byggt 1929, þar sem nú er Grensásvegur 1), *Merkisteinn* (Sogamýrarblettur 2, byggt 1928, þar sem nú er Grensásvegur 3), *Hlíðarhvammur* (Sogamýrarblettur 3, byggt 1925, þar sem nú er suðurendi Grensásvegar 9), *Sjónarhóll* (Sogamýrarblettur 4, byggt 1926, þar sem nú er bílastæði á norðausturhorni Grensásvegar og Miklubrautar) og *Litla-Hlíð* (Sogamýrarblettur 9, byggt 1927, á núverandi suðausturhorni Grensásvegar og Miklubrautar). Austur eftir Sogavegi risu *Fagridalur* (Sogamýrarblettur 5, byggt 1927, þar sem nú er Sogavegur 69), *Sogahlíð* (Sogamýrarblettur 8, byggt 1925, þar sem nú er Búðagerði 3), *Vonarland* (Sogamýrarblettur 6, byggt 1926, nú Sogavegur 75), *Brekka* (Sogamýrarblettur 7, byggt 1925, þar sem nú er suðvesturslaufa á gatnamótum Skeiðarvogs og Miklubrautar), *Réttarholt* (Sogamýrarblettur 10, byggt 1928, þar sem nú er Sogavegur 103), *Melbær* (Sogamýrarblettur 12a, byggt 1928, nú Sogavegur 111-113) og *Melavellir* (Sogamýrarblettur 14, byggt 1930, þar sem nú er Rauðagerði 27).




**Mynd 10**. Sogamýri og Bústaðaholt norðaustanvert á loftmynd frá 1954. Merkt eru inn helstu örnefni, götur og býli á svæðinu.[38]

Þeir sem bjuggu á nýbýlunum í Sogamýri voru flestir með kýr og aðrar skepnur, en stunduðu aðra atvinnu með búskapnum. Á þessum bæjum bjuggu meðal annars búfræðingur,

[38] Loftmynd frá 1954 úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR). Heimildir um býli: Ýmis kort og loftmyndir af Reykjavík.

trésmiður, skósmiður, vélstjóri og bílstjóri. Sogamýrarbændur keyptu sér vörubíl í félagi til þess að flytja mjólk sína á til kaupenda í bænum.[39] Á einum bænum, *Sjónarhóli* við gatnamót Grensásvegar og Sogavegar, var rekinn barnaskóli fram til um 1936.[40] Af Sogamýrarbýlunum standa enn *Vonarland* við Sogaveg 75 og *Melbær* við Sogaveg 111-113. Einnig standa enn tvö hús sem byggð voru í landi *Melavalla*, annars vegar hús sem byggt var sem efnaverksmiðja árið 1945 upp úr peningshúsum og hlöðu sem áföst voru við vesturhlið eldra íbúðarhúss sem nú er horfið (nú húsnæði Tónlistarskóla Félags íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27) og hins vegar íbúðarhús sem byggt var sama ár og tilheyrði svínabúi austanvert í landi Melavalla (nú Rauðagerði 61). Hin býlin og þau hús sem þeim tilheyrðu hurfu flest vegna skipulags á sjöunda áratugnum en húsið *Fagridalur* stóð þó fram yfir 1980, þegar það þurfti að víkja fyrir nýju húsi á lóðinni Sogavegi 69.



**Mynd 11**. Húsið *Fagridalur* við Sogaveg á ljósmynd frá 1972. Í baksýn er Miklabraut og skemmur í Skeifunni.[41]

## Sogablettir

Rétt fyrir 1930 var einnig farið að úthluta austarlega í Sogamýri svokölluðum Sogablettum, litlum blettum undir íbúðarhús, á reit sem afmarkaðist af fjórum nýjum götum: Sogavegi, Borgarvegi (nú Borgargerði), Hlíðarvegi (nú Rauðagerði) og Tunguvegi (sjá mynd 9). Reitnum var skipt í 20 bletti og þar reis á árunum 1929-1936 lítið hverfi húsa sem var fyrsti vísirinn að íbúðabyggð á þessum slóðum. Mörg þessara elstu húsa standa enn, en innan

[39] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 106-107 – KP: „Lögðu upp gangandi í jólaboðið“. *Dagblaðið*, Gamalt og nýtt, 1. nóvember 1977, bls. 17.
[40] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 107 – Bjarni Ólafsson: „Unglingsárin“. *Morgunblaðið*, C Heimili/Fasteignir, 22. ágúst 1995, bls. 27 – KP: „Krakkarnir fóru á skautum þar sem nú er Skeifan“. *Dagblaðið*, Gamalt og nýtt, 1. nóvember 1977, bls. 20.
[41] Ljósm. Sveinn Þórðarson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, SÞÓ ÁBS 1093.

um þau og á baklóðum eru yngri hús, flest byggð á áttunda og níunda áratugnum (nú Sogavegur 117-135, Borgargerði 3 og 9, Rauðagerði 26-74 og Tunguvegur 18).

Meðfram Sogavegi sunnanverðum (nú Sogavegur 108-212) var einnig farið að reisa hús á árunum 1940-1950, á svæði sem var ekki í erfðafestu, en skipulagning Smáíbúðahverfis á þessu svæði hófst ekki fyrr en eftir 1950.[42]

## Skeiðvöllur við Elliðaár

Austan Sogamýrar, á melunum við vesturbakka Elliðaánna, þar sem Reykjanesbraut liggur nú, var lengi skeiðvöllur hestamannafélagsins Fáks (sjá mynd 9). Völlurinn var gerður árið 1922, þegar félagið var nýstofnað, og þar voru síðan haldnar kappreiðar um hvítasunnu ár hvert. Á árunum 1960-1962 reisti félagið hesthús fyrir 270 hesta á svæðinu og stendur hluti þessara húsa enn við gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar (Bústaðavegur 151). Skeiðvöllurinn var notaður allt til ársins 1971 þegar nýr völlur var tekinn í notkun á félagssvæði Fáks í Víðidal.[43]



**Mynd 12**. Horft austur eftir Sogamýri á loftmynd frá 1946. Vinstra megin við miðju er Suðurlandsbraut og hægra megin er Sogavegur. Á milli þeirra liggur Grensásvegur og við hann standa (frá vinstri til hægri) býlin *Grund*, *Merkisteinn*, *Hlíðarhvammur*, *Sjónarhóll* og *Litla-Hlíð* (nú Grensásvegur 1-15). Lengra til austurs (ofar) sjást býlin við Sogaveg og byggð á Sogablettum norðan Sogavegar, sem og braggahverfi, m.a. *Selby Camp* við Réttarholtsveg.[44]

[42] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Hamarsgerði – Langagerði – Sogavegur – Tunguvegur.*

[43] *Morgunblaðið*, 6. maí 1922, bls. 1 og 20. maí 1923, bls. 3 – *Fákur*, 1. árg. 1. tbl., 1. apríl 1927, bls. 2-3 – Einar E. Sæmundsen: „Fákur tvítugur“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 3. maí 1942, bls. 137 – *Tíminn*, 11. desember 1960, bls. 2 og 16 og 1. janúar 1962, bls. 1, 6 og 11.

[44] Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS LS 33-19.

**Bústaðablettir**

Um 1932 var stórum hluta Bústaðajarðar skipt í erfðafestulönd sem kölluð voru Bústaðablettir og þar risu bæði sumarhús og nýbýli, mörg með hænsnabúskap. Af þeim húsum sem þá voru byggð standa enn allmörg. Fjögur standa neðan Bústaðavegar: *Staður* (Bústaðablettur 6, byggt 1933, nú Undraland 4), *Arnarós* (Bústaðablettur 7, byggt 1932 og seinna stækkað, nú Vogaland 13), *Lækur* (Bústaðablettur 9, byggt 1933, nú við Stjörnugróf 11) og *Vellir* (Bústaðablettur 10, byggt 1935, nú við Stjörnugróf, ónúmerað). Sex standa ofan Bústaðavegar: *Bjarnastaðir* (Bústaðablettur 14, byggt 1933, nú Skógargerði 2), *Sólheimar* (Bústaðablettur 15, byggt 1943, nú Tunguvegur 20), *Búland* (Bústaðablettur 16, byggt 1932, stækkað 1957, nú Tunguvegur 28), *Áshóll* (Bústaðablettur 19, byggt 1933, nú Litlagerði 2), *Bjarkarhlíð* (Bústaðablettur 18, byggt 1935, nú á lóð austan Bústaðakirkju) og *Vindás* (Bústaðablettur 17, byggt 1933, nú Austurgerði 7).

Nokkru vestar við Bústaðaveg, stendur einnig hús (Furugerði 23) sem reyndar tilheyrði Sogamýrarblettum (Sogamýrarbletti 47) en það var byggt árið 1949 á landi Gróðrarstöðvarinnar *Grænuhlíðar* sem starfrækt var á árunum 1944-2002.[45]



**Mynd 13**. Íbúðarhúsið að *Bústöðum* við Bústaðaveg á ljósmynd frá 1972.[46]

Gömlu bæjarhús *Bústaða* stóðu austarlega í Bústaðaholti sunnan Bústaðavegar, á svæði sem er nú neðan við söluturn við Bústaðaveg 130. Þau stóðu allt fram yfir 1970 en voru fjarlægð þegar hverfi raðhúsa og fjölbýlishúsa tók að byggjast á svæðinu á fyrri hluta áttunda áratugarins. Þar sem þau stóðu er nú leiksvæði milli fjölbýlishúsa við Markland og Seljaland í Fossvogshverfi.[47]

---

45 Byggingarár samkvæmt Fasteignaskrá: Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: skra.is → Fasteignaskrá → Leit í fasteignaskrá. Sótt 10. janúar 2014 – *Dagur* 11. júní 1999 (Hús & garðar - Blað 4), bls. 7 – *Morgunblaðið* 26. apríl 2008, bls. 18.

46 Ljósm. Sveinn Þórðarson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, SÞÓ ÁBS 0294.

47 Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 108.

## Fossvogsblettir

Árið 1935 lét Reykjavíkurbær flokk manna ræsa fram mýrarnar í Fossvogi í atvinnubótavinnu og voru grafnir tveir stórir skurðir eftir Fossvogsdal endilöngum. Einnig voru lagðir vegir um svæðið í atvinnubótavinnu, þ.e. *Fossvogsvegur*, *Sléttuvegur* og *Klifvegur*.[48] Á svæðinu var úthlutað svokölluðum Fossvogsblettum á næstu árum. Þar risu aðallega sumarhús og röðuðu þau sér flest sunnan með Fossvogsvegi og Bústaðavegi.

*Skógræktarfélagi Reykjavíkur* var úthlutað Fossvogsbletti 1 árið 1933 og þar byggði félagið upp starfsemi sína og hóf plöntusölu sem starfrækt var í um 70 ár eða fram til loka 20. aldar. Reykjavíkurborg keypti bróðurpartinn af þeim plöntum sem þar voru seldar og þaðan mun stór hluti trjáa á höfuðborgarsvæðinu hafa komið.[49] Á lóð Skógræktarfélagsins (nú Fossvogsvegur 2) stendur hús sem byggt var sem vinnuskáli 1951 og var seinna (1963) stækkað og breytt í skrifstofuhús. Á næsta bletti við Skógræktarfélagið (Fossvogsbletti 2) hóf Hermann Jónasson ráðherra einnig trjárækt á þessum tíma og þar stendur enn sumarbústaður hans, byggður 1934 (Fossvogsblettur 2a), auk annars húss sem var byggt 1951 (Fossvogsblettur 2).[50]

Af öðrum húsum frá þessum tíma sem enn standa má nefna sumarhús sem nú er íbúðarhús á Fossvogsbletti 13 (byggt 1939) og sumarhús sem varð seinna leikskólinn Skógarborg á vegum Borgarspítala (Fossvogsblettur 40, byggt 1935, nú Háaleitisbraut 175/Áland 6). Önnur hús sem byggð voru á Fossvogsblettum hurfu flest þegar skipulögð byggð tók að rísa í Fossvogi á síðari hluta sjöunda áratugarins.



**Mynd 14**. Horft yfir Fossvogsdal til Kópavogs frá gróðrarstöð Sigurbjörns Björnssonar við Bústaðaveg árið 1961. Gróðrarstöðin varð að víkja þegar skipulagt var íbúðarhverfi í Fossvogsdal á sjöunda áratugnum.[51]

[48] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 250-251 – *Morgunblaðið*, 5. október 1933, bls. 2 – Vigfús Guðmundsson: „Búnaðarmál í Reykjavík“. *Þættir úr sögu Reykjavíkur*, bls. 162.
[49] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 249-250 – Vefur Skógræktarfélags Reykjavíkur, heidmork.is → Um okkur → Saga. Sótt 17. maí 2013.
[50] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 250 – Byggingarár hússins Fossvogsbletts 2 samkvæmt Fasteignaskrá: Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: skra.is → Fasteignaskrá → Leit í fasteignaskrá. Sótt 17. janúar 2014.
[51] Ljósm. Gunnar Rúnar Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, GRÓ 005 090 1-1.

## 1.2.4 Hernámsárin

Á hernámsárunum risu nokkur braggahverfi í þessum borgarhluta en ummerki um þau hurfu að mestu með tilkomu skipulagðrar byggðar.[52] Einna stærst þessara hverfa var *Camp Curtis* (áður Camp Pershing, þar áður Camp Tadcaster) sem var við Borgarveg (nú Borgargerði), á þeim slóðum þar sem nú er göngubrú yfir Miklubraut norðan við Rauðagerði. Þarna voru um tíma aðalstöðvar bandaríska hersins eftir að hann tók við hervörnum landsins.[53] Í nágrenninu voru einnig *Camp Handley Ridge* (á svæði sem er nú austan Réttarholtsskóla) og *Selby Camp* (vestan Réttarholtsvegar, þar sem gatan Háagerði er nú). Austar voru *Camp Ripon* (austan Tunguvegar og norðan Sogavegar) og *Camp Pony Track* (hjá skeiðvellinum við Elliðaár) og sunnar voru *Camp Salmon River Damp* (í landi Bústaðabletts 5, þar sem nú eru lóðirnar Vogaland 2 og 4) og *New Mercur Camp* (þar sem nú er gatan Blesugróf).



**Mynd 15**. Horft í suðaustur yfir Minni-Öskjuhlíð til Fossvogsdals á loftmynd frá 1946. Skáhallt yfir miðja mynd má sjá hitaveitustokkinn sem liggur yfir Bústaðaholt í safngeymana í Öskjuhlíð. Sunnan hans má greina braggahverfin *Bytown Camp* og *Bunker Hill Camp*, hvort sínum megin við Bústaðaveg, en í hlíðinni norðan megin, á móts við braggahverfin, er golfvöllur Golfklúbbs Reykjavíkur. Vestar liggur gamli Hafnarfjarðarvegur í átt að Kópavogi. Vestan hans, neðst á myndinni, má sjá hluta af *Camp Anacostia* (þar sem nú er slökkvistöðin við Skógahlíð) og austan hans, fyrir miðri mynd, má sjá *Camp Melrose* (við Þóroddsstaði) og austar *Camp Liberty* (þar sem nú er Hörgshlíð).[54]

[52] Upplýsingar um eftirtalin herskálahverfi eru teknar eftir: Eggert Þór Bernharðsson*: Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225.
[53] Sævar Þ. Jóhannesson: „Kampanöfn og „örnefni" tengd hersetu á Íslandi 1940-1945". *Nefnir – Vefrit Nafnfræðifélagsins*. Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Vefslóð: arnastofnun.is → Gagn og gaman → Heimildir og greinar → Nefnir. Sótt 18. september 2013.
[54] Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS LS 33-39.

Vestar í Bústaðaholtinu voru *Camp King* (austan Grensásvegar, þar sem gatan Breiðagerði byrjar nú) og *Camp Edwards* (austan Grensásvegar, á þeim slóðum þar sem gatan Hólmgarður liggur nú). Vestarlega við Bústaðaveg voru einnig tvö braggahverfi: *Bytown Camp* (norðan Bústaðavegar, hér um bil þar sem Kringlumýrarbraut liggur nú milli húss Veðurstofu Íslands og fjölbýlishúsa við Neðstaleiti) og *Bunker Hill Camp* (þar sem Kringlumýrarbraut og Bústaðavegur mætast nú með brú).[55]

Í norðurjaðri núverandi borgarhluta, sunnan við Suðurlandsbraut, var einnig þétt braggabyggð sem samanstóð af fjórum braggahverfum. Þau stóðu nyrst við Háaleitisveg, sem áður lá frá Suðurlandsbraut að Bústaðavegi, vestan Grensásvegar og samhliða honum. Háaleitisvegur var einskonar forveri Háaleitisbrautar, en hún var þó lögð eilítið vestar og með tengingu við Kringlumýrarbraut. Hjá bandaríska setuliðinu var Háaleitisvegur kallaður Harley Street. Vestast var *Camp Casement* (norðan við malagryfjur sem voru þar sem Ármúlaskóli, nú Fjölbrautarskólinn við Ármúla, reis síðar) og rétt austar var *Camp Caledonia*, betur þekktur sem Múlakampur (á móts við býlið Múla, þar sem gatan Vegmúli liggur nú). Fast austan við hann, austan Háaleitisvegar, var *Herskólakampur* (austan núverandi Vegmúla, milli Suðurlandsbrautar og Ármúla). Þar ráku Bretar herskóla sem mun hafa verið sá fyrsti í



**Mynd 16**. Loftmynd frá 1946. Suðurlandsbraut gengur skáhallt yfir myndina og ofan við hana, nyrst á Grensásnum, sést þétt braggabyggð. Fyrir miðri mynd, austan Háaleitisvegar (Harely Street), er *Herskólakampur* og sunnan hans *Harley Street Camp*; vestan Háaleitisvegar er *Camp Caledonia* (Múlakampur) og lítið eitt vestar (lengst til hægri), við malargryfjuna þar sem Ármúlaskóli reis síðar, er *Camp Casement*. Fyrir neðan Suðurlandsbraut eru ýmis býli á Þvottalaugablettum í Laugardal, m.a. býlið Múli (á móti Múlakampi).[56]

---

[55] Heimildum ber ekki að fullu saman um heiti og staðsetningu herskálahverfa á þessum slóðum (Camp Leynimýri og Bytown Camp), sjá: Eggert Þór Bernharðsson*: Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225.

[56] Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS LS 33-16.

síðari heimsstyrjöldinni sem kenndi vetrarhernað.[57] Lítið eitt sunnar við Háaleitisveg var *Harley Street Camp* (milli Ármúla 24-30 og Síðumúla 11-13).

Með hernáminu 1940 jókst eftirspurn eftir vinnuafli gríðarlega enda stóð hernámsliðið fyrir mannaflsfrekum framkvæmdum í bænum. Upp úr því fór Reykjavík ört vaxandi og fjöldi fólks flutti til bæjarins á þessum tíma. Í kjölfarið varð mikill húsnæðisskortur sem varð viðvarandi eftir stríð. Þá tóku að rísa þyrpingar ýmis konar smáhýsa í útjaðri bæjarins sem byggð voru af efnalausu og húsnæðislausu fólki án þess fyrir lægju byggingarleyfi eða lóðaúthlutanir. Húsum þessum komu menn upp í flýti til að fá þak yfir höfuðið fyrir sig og sína og þótt aðbúnaður fólk í þessu húsnæði væri yfirleitt slæmur og bæjaryfirvöld væru lítt hrifin af þessari sjálfsbjargarviðleitni fólks létu þau þessar framkvæmdir óátaldar að mestu vegna húsnæðiseklunnar. Á eftirstríðsárunum bjó einnig fjöldi fólks í bröggum og margir brugðu á það ráð að taka til heilsársbúsetu sumarbústaði sem flestir voru langt utan við meginbyggðina.[58]

## Múlakampur

Við braggabyggðina í Múlakampi reis eitt þessara óskipulögðu smáhýsahverfa í kringum 1950. Þar reis hvert húsið af öðru, yfirleitt kjallaralaus timburhús, sem iðulega voru byggð af vanefnum, í óleyfi og án lóðaréttinda, sum einungis úr gömlu mótatimbri en önnur úr varanlegra efni. Nokkur hús voru aðflutt og endurbyggð þarna. Vatns- og skólpleiðslur



**Mynd 17**. Íbúðarhús og braggar í Múlakampi á árunum eftir stríð.[59]

[57] Sævar Þ. Jóhannesson: „Kampanöfn og „örnefni“ tengd hersetu á Íslandi 1940-1945“. *Nefnir – Vefrit Nafnfræðifélagsins*. Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, arnastofnun.is → Gagn og gaman → Heimildir og greinar → Nefnir. Sótt 18. september 2013.

[58] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 227, 289-291.

[59] Ljósm. Þorsteinn Jósepsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS 1 926.

voru ófullkomnar og notast við gamlar leiðslur frá stríðsárunum. Þarna varð til einskonar borgarsamfélag í smækkaðri mynd, með fjölskrúðugu mannlífi, verslunum og verkstæðum. Árið 1953 var eigendum þessara húsa gefinn kostur á lóðasamningi til 10 ára gegn því að hús þeirra yrðu flutt burt þegar hverfið yrði skipulagt. Á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar viku flest þessara húsa fyrir nýbyggingum, einkum stórum verslunar- og atvinnuhúsum við Suðurlandsbraut, Síðumúla og Ármúla.[60]

### Blesugróf

Það sama var upp á teningnum í Blesugróf. Þar höfðu upp úr 1930 risið nokkur býli og sumarbústaðir á erfðafestulöndum en í lok stríðsins hófst þar einskonar landnám og efnalítið fólk byrjaði að reisa sér þar smáhýsi til íbúðar án lóðaréttinda. Vestan við byggðina lá vegur sem kallaður var Útvarpsstöðvarvegur eða Breiðholtsvegur (á þeim slóðum þar sem Stjörnugróf er nú) og var byggðin um skeið nefnd Breiðholtshverfi. Þarna var ekki lögð skólp- eða vatnslögn fyrr en 1956 og verslun og þjónusta á svæðinu var lítil sem engin en þrátt fyrir það hélt byggðin áfram að þéttast allt fram til þess að nýtt íbúðahverfi var skipulagt á svæðinu í byrjun sjöunda áratugarins.[61] Allmörg þessara eldri húsa standa enn og hafa verið felld inn í skipulag hverfisins, þ.e. húsin Blesugróf 5 (byggt 1953), Blesugróf 12 (byggt 1958),



**Mynd 18**. Séð suðaustur yfir íbúðabyggðina í Blesugróf á ljósmynd frá 1971.[62]

[60] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990.* Fyrri hluti bls. 289-291 og 311-312 – S. Bj.: „Fólkið sjálft hefur byggt smáíbúðahverfið við Suðurlandsbraut“. *Morgunblaðið*, 27. september 1953, bls. 1-2 – B: „Múlahverfi, Blesugróf, Smálönd og Snobbhill“. *Tíminn*, 20. janúar 1954, bls. 4 og 6 – GG: „Sprengingarnar dynja í Síðumúla.“ *Vísir*, 26. janúar 1972, bls. 2.
[61] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990.* Fyrri hluti, bls. 227 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 93 – *Tíminn*, 20. janúar 1954, bls. 4-5 og 14. nóvember 1957, bls. 4 – Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 75.
[62] Ljósm. Þjóðviljans. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÞJV 018 111 2-1.

Blesugróf 13 (byggt 1954), Blesugróf 25 (byggt 1954), Blesugróf 49 (byggt 1956), Jöldugróf 8 (byggt 1946), Jöldugróf 10 (1953), Jöldugróf 18 (byggt 1952), Jöldugróf 20 (byggt 1930), Bleikargróf 1 (byggt 1949), Bleikargróf 2 (byggt 1950), Bleikargróf 7 (byggt 1942), Bleikargróf 9 (1956), Bleikargróf 15 (byggt 1944), Stjörnugróf 29 (1950) og Stjörnugróf 31 (byggt 1951).[63]

Til byggðarinnar í Blesugróf töldust einnig hús sem reist voru austur með Elliðaánum, á svæði sem seinna lenti austan Reykjanesbrautar. Mörg þeirra voru upphaflega sumarbústaðir eða býli og standa fjögur þeirra enn (*Skálará*, *Heimahvammur*, *Gilsbakki* og *Laufás*).[64]

Ofan við íbúðabyggðina í Blesugróf, á svæði sem nú tilheyrir Kópavogi (við neðsta hluta Smiðjuvegar), var Fjáreigendafélagi Reykjavíkur úthlutað spildu undir fjárhús árið 1959. Þar reis á næstu árum mikið hverfi fjárhúsa sem kallað var *Fjárborg*. Fjárborgin stóð í Blesugróf fram til 1969, en var þá rifin í kjölfar deilna við borgaryfirvöld, sem vildu banna sauðfjárhald í borginni og rýma fyrir gatnaframkvæmdum á svæðinu. Síðar var Fjáreigenda-félaginu úthlutað skika undir nýja Fjárborg í Hólmslandi austan Rauðavatns.[65]

## 1.2.5 Skipulag hverfishluta í borgarhluta 5

Fram undir seinni heimsstyrjöld þróaðist Reykjavík að mestu sem samfelld og heilsteypt byggð út frá einni þungamiðju í gömlu miðbæjarkvosinni. Samkvæmt fyrsta heildarskipulaginu sem gert var fyrir Reykjavík árið 1927 átti umferðargata (Hringbraut) að umlykja bæinn og ekki gert ráð fyrir að byggðin næði út fyrir hana næstu áratugi. Fljótlega kom þó í ljóst að vöxtur bæjarins var hraðari en nokkurn grunaði og að huga þyrfti að framtíðarskipulagi utan Hringbrautar. Uppdrátturinn var felldur úr gildi 1933 og fljótlega eftir það farið að skipuleggja íbúðahverfi utan Hringbrautar. Einar Sveinsson arkitekt var ráðinn húsameistari Reykjavíkur árið 1934 og hafði umsjón með skipulagsmálum bæjarins fram til ársins 1949. Hóf hann þegar vinnu við skipulag Reykjavíkur utan Hringbrautar ásamt Valgeiri Björnssyni bæjarverkfræðingi og gerðu þeir meðal annars uppdrátt að framtíðarskipulagi bæjarins þar sem ákvörðuð var lega helstu gatna á óbyggðum svæðum inn að Elliðaám og skilgreindar aðkomuleiðir í bæinn úr öllum áttum. Á árunum 1934-1940 skipulögðu Einar og Valgeir fyrstu íbúðahverfin utan Hringbrautar, í Norðurmýri og á Melunum.[66]

Á árum seinni heimsstyrjaldar sköpuðust nýjar aðstæður sem höfðu mikil áhrif á þróun borgarinnar. Herskálahverfi tóku upp mikið af því byggingarlandi sem var næst byggðinni og bygging Reykjavíkurflugvallar hindraði frekari vöxt bæjarins í átt að Skerjafirði. Stöðugur aðflutningur fólks af landsbyggðinni jók mjög á þann húsnæðisvanda sem fyrir var.[67] Á árunum 1945 til 1965 fjölgaði íbúum Reykjavíkur um 70% og 700% aukning varð á landrými borgarinnar.[68] Þetta reyndist mesta útþensla Reykjavíkur frá upphafi. Í góðærinu fyrst eftir

---

[63] Byggingarár samkvæmt Fasteignaskrá: Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: skra.is → Fasteignaskrá → Leit í fasteignaskrá. Sótt 10. júní 2013 – Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1954. Sótt 10. júní 2013.

[64] Nikulás Úlfar Másson: *Húsakönnun í Blesugróf.*

[65] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990.* Fyrri hluti, bls. 60-61.

[66] *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, bls. 7-13 – *Morgunblaðið*, 18. ágúst 1936, bls. 6.

[67] *Borgarhluti verður til,* bls. 4.

[68] *Hverfaskipulag 1988. Borgarhluti 5. Múlar, Háaleiti, Hvassaleiti, Kringla, Smáíbúðahverfi, Bústaðahverfi, Fossvogur og Blesugróf.* Hverfakort.




**Mynd 19**. Borgarhlutinn á korti frá 1951. Risið er nýtt íbúðahverfi á Bústaðaholti, við göturnar Bústaðaveg, Hólmgarð og Hæðargarð. Einnig er búið að framlengja Miklubraut til austurs að gatnamótum við Suðurlandsbraut.[69]

styrjöldina stóðu bæjaryfirvöld meðal annars fyrir byggingu fjölbýlishúsa við Skúlagötu og Lönguhlíð til að bregðast við húsnæðisskortinum. Stríðsgróðinn gekk þó fljótt til þurrðar og vegna gjaldeyrisþurrðar varð fljótlega að setja á ýmis konar innflutnings- og fjárfestingahöft, sem komu illa við byggingarframkvæmdir í borginni. Sérstakt fjárfestingaleyfi þurfti m.a. frá fjárlagaráði til byggingar íbúðarhúsnæðis. Eins og áður er lýst brugðu margir á það ráð á þessum tíma að byggja sér smáhýsi án leyfis eða lóðar eða taka til íbúðar hernámsbragga og sumarbústaði. Vegna haftanna var erfitt að fjármagna byggingu nýrra íbúða og þar af leiðandi að losna við braggahverfin og annað húsnæði sem talið var heilsuspillandi.[70] Vegna kostnaðar við lagningu gatna og holræsa gripu bæjaryfirvöld m.a. til þess ráðs að beina nýrri byggð inn á svæði fjær meginbyggðinni þar sem nýta mátti vegi og stofnlagnir sem fyrir voru. Einnig

[69] Kort Ágústs Böðvarssonar af Reykjavík 1946, endurskoðað 1951. Prentað eintak. Minjasafn Reykjavíkur.
[70] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 304-306 og 312 – Trausti Valsson: *Reykjavík, Vaxtarbroddur*, bls. 55.

þótti heppilegast að taka fyrst til byggingar þau svæði þar sem grunnt var niður á fast. Af þessum sökum tók bærinn að byggjast í einangruðum úthverfum utan við meginbyggðina í stað þess að vaxa sem samfelld heild.[71] Á þessum tíma risu fyrstu hverfin í þessum borgarhluta sem byggð voru samkvæmt skipulagi.



**Mynd 20**. Nýtt íbúðarhverfi í byggingu við Bústaðaveg, Hólmgarð og Hæðargarð um 1951. Lengst til hægri er hitaveitustokkurinn sem liggur eftir Bústaðaholti endilöngu.[72]

### Bústaðavegshús

Í lok fimmta áratugarins opnaðist bæjaryfirvöldum ný leið til að aðstoða borgarana í húsnæðismálum með breytingu á skattalögum sem gerði mönnum kleift að ná niður byggingarkostnaði með því að byggja hús sín sjálfir án þess að slík vinna teldist skattskyld. Í stað þess að byggja og selja fullfrágengnar íbúðir eins og áður tóku bæjaryfirvöld þá stefnu að leggja grunn að húsbyggingum og liðsinna svo einstaklingunum á ýmsan hátt við að ljúka við byggingu þeirra sjálfir. Fyrsta skrefið í þessa átt hófst með byggingu 53 tveggja hæða fjórbýlishúsa við Bústaðaveg, Hólmgarð og Hæðargarð á árunum 1949-1952. Skipulagsuppdráttur að hverfinu, teiknaður af Sigmundi Halldórssyni fyrir nýstofnaða skipulagsdeild Reykjavíkurbæjar, var samþykktur árið 1949.[73] Staðsetning húsanna langt frá meginbyggðinni var gagnrýnd en Bústaðaholt hafði orðið fyrir valinu þar sem að þar þurfti lítið að grafa fyrir húsunum. Á þessum slóðum, eftir Bústaðaholti endilöngu, lá einnig aðalæð hitaveitunnar frá Reykjum í Mosfellssveit í safngeymana á Öskjuhlíð, en hún hafði verið lögð á árunum 1939-1943.[74] Gatan Hæðargarður var lögð samsíða hitaveitustokknum og hið nýja

---

[71] *Borgarhluti verður til,* bls. 4.
[72] Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, VIG Reykjavíkurbær Bústaðir 7.
[73] Skjalasafn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur: „Íbúðarhúsahverfi við Bústaðaveg“. Deiliskipulag sþ. 15. júlí 1949. Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Bústaðavegur. Sótt 16. júlí 2013 – Pétur H. Ármannsson: *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, bls. 19 - Bragi Bergsson: „Almenningsgarðar á Íslandi“, bls. 417.
[74] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990.* Seinni hluti, bls. 82-83 - Lúðvík Kristjánsson: *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, bls. 304-306 – *Lögberg*, 31. ágúst 1939, bls. 1.

íbúðahverfi skipulagt á svæðinu sunnan hennar og niður að Bústaðavegi. Þrátt fyrir fjarlægðina frá meginbyggðinni í Reykjavík sóttist fólk eftir íbúðunum og bæjaryfirvöld fundu fyrir miklum áhuga á fyrirkomulaginu. Bærinn skilaði húsunum fokheldum og múrhúðuðum og lagði hitunarkerfi en síðan sáu eigendurnir um að ljúka byggingunni. Þó að íbúarnir kvörtuðu í fyrstu yfir því að langt væri í vinnu, skóla, verslanir og aðra þjónustu var almenn ánægja með íbúðirnar og fyrirkomulagið við byggingu þeirra.[75] Í skipulagi hverfisins var einnig gert ráð fyrir lítilli verslunarmiðstöð, dagheimili, leikvöllum og garði eða rými fyrir samkomuhús. Samkvæmt því reis fljótlega verslunarhús í miðju hverfinu (Hólmgarður 34) þar sem starfræktar voru ýmsar verslanir og þjónusta fram til um 1990.[76] Á reit við miðja götuna Hólmgarð var einnig skipulagður almenningsgarðurinn *Garðaflöt* sem opnaður var árið 1960.[77]




**Mynd 21**. Skipulagsuppdráttur að íbúðarhverfinu við Bústaðaveg, Hólmgarð og Hæðargarð, undirritaður af Sigmundi Halldórssyni og Þór Sandholt í júlí 1949.[78]

Á árunum 1955-1956 var ákveðið að halda áfram uppbyggingu íbúðahverfis ofan Bústaðavegar og samþykkt deiliskipulag raðhúsabyggðar á svæði milli Réttarholtsvegar og Tunguvegar. Þær framkvæmdir voru áframhaldandi liður í að leysa húsnæðisvandann og útrýma heilsuspillandi húsnæði í bænum og var svipaður háttur hafður á og við byggingu húsanna við Bústaðarveg, Hólmgarð og Hæðargarð. Eftir skipulaginu voru á árunum 1957-1961 byggð raðhús meðfram Réttarholtsvegi og Tunguvegi og við götuna Ásgarð sem lögð

[75] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 310-311.
[76] *Morgunblaðið*, 25. nóvember 1990, bls. 22-23.
[77] Bragi Bergsson: „Almenningsgarðar á Íslandi“, bls. 417-421.
[78] Skjalasafn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur: „Íbúðarhúsahverfi við Bústaðaveg“. Deiliskipulag sþ. 15. júlí 1949. Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Bústaðavegur. Sótt 16. júlí 2013.

var í skeifu upp frá Bústaðavegi. Efst við Ásgarð voru byggð þrílyft fjölbýlishús árið 1961 og árið 1962 var reist verslunarhús í innri hluta skeifunnar.[79]




**Mynd 22**. Óundirritaður uppdráttur frá 1955 að skipulagi raðhúsa við Réttarholtsveg, Ásgarð og Tunguveg.[80]

## Smáíbúðahverfið

Í framhaldi af byggingu Bústaðavegshúsanna um 1950 setti bæjarstjórn á stofn nefnd sem kanna skyldi möguleikana á uppbyggingu smáhúsahverfis fyrir fólk í húsnæðisvanda. Árið 1951 lá fyrir ákvörðun um staðarval og skipulagsuppdráttur af svæðinu. Hverfinu, sem nefnt var Smáíbúðahverfið, var valinn staður á Bústaðaholti, á svæði sem afmarkaðist af Miklubraut í norðri og Hæðargarði í suðri og teygði sig vestur fyrir Grensásveg og austur fyrir Tunguveg. Fyrstu lóðunum var úthlutað sumarið 1951 og haustið 1952 voru framkvæmdir hafnar á um 450 lóðum. Þá hafði fjárhagsráð látið undan þrýstingi og heimilað byggingu smáhúsa allt að 80 fermetra að flatarmáli, með 1,4 metra háu risi. Fljótlega var heimilað að hækka ris húsanna í 2 metra og byggja kjallara undir þau þar sem aðstæður leyfðu. Heilu fjölskyldurnar lögðu nótt við dag við að grafa grunna og slá upp fyrir húsunum. Flestir þurftu að byggja að mestu fyrir eigið fé eða lánsfé frá vinum og ættingjum því fáir fengu fyrirgreiðslu hjá svonefndri lánadeild smáíbúða sem komið var á fót snemma árs 1952. Bærinn greiddi hins vegar götu húsbyggjenda á ýmsan hátt, m.a. með því að leggja götur og ræsi, gera lóðirnar byggingarhæfar og útvega teikningar gegn vægu verði. Haldin var samkeppni um teikningar að smáhúsum, bæði litlum einbýlishúsum og sambyggðum húsum. Að henni lokinni gátu menn valið milli uppdrátta eftir arkitektana Gunnar Ólafsson, Bárð

[79] Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 48 og mynd bls. 57 – *Morgunblaðið*, 23. maí 1962, bls. 24 – Skjalasafn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur: [Uppdráttur án heitis, raðhús við Ásgarð]. Breytt deiliskipulag sþ. 12. maí 1955; „Tillaga um staðsetningu á verslunarhúsi [við Ásgarð]“. Sþ. 24. febrúar 1956. Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/ fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Ásgarður. Sótt 30. september 2013.

[80] Skjalasafn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur: [Uppdráttur án heitis, raðhús við Ásgarð]. Breytt deiliskipulag sþ. 12. maí 1955. Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/ fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Ásgarður. Sótt 30. september 2013.

Ísleifsson, Þór Sandholt og Gunnlaug Pálsson, auk þess sem Guttormur Andrésson og Hannes Davíðsson gerðu uppdrætti sem ýmsir byggðu eftir. Uppdrættirnir voru miðaðir við 80 fermetra hámarksstærð sem hægt var að byggja í áföngum og gert var ráð fyrir að seinna yrði hægt að stækka húsin í 90-100 fermetra. Vegna þessa fyrirkomulags fékk hverfið á sig ákveðinn heildarsvip þó húsin hefðu jafnframt fjölbreytt yfirbragð. Skipulag hverfisins hefur einnig sérstöðu að því leyti að þar voru fyrstu botnlangagöturnar í Reykjavík. Smáíbúðahverfið var nánast fullbyggt árið 1955 og var þá fjölmennasta hverfi Reykjavíkur austan Snorrabrautar og bjuggu þar þá rúmlega fjögur þúsund manns.[81]




**Mynd 23**. Uppdráttur að skipulagi Smáíbúðahverfis og Bústaðahverfis frá 1951.[82]

Við skipulag hverfisins var gert ráð fyrir opnum, grænum svæðum, meðal annars á reit við götuna Grundargerði, þar sem nú er *Grundargarður* svokallaður. Gerður var uppdráttur að garðinum árið 1956 en ekkert varð af framkvæmdum í það skipti og það var ekki fyrr en 1972 sem áform um Grundargarð voru tekin upp á ný og mun Sigurður Albert Jónsson forstöðumaður Grasagarðsins þá hafa gert nýjan uppdrátt að garðinum að beiðni Hafliða Jónssonar. Garðurinn var svo skipulagður eftir þeim uppdrætti og opnaður formlega sumarið 1973. Vinnu við garðinn var að mestu lokið árið 1974 en árið 1976 var búið að bæta við steinhæð og sumarblómareit sem hefur frá upphafi mjög þótt prýða garðinn. Garðurinn var

[81] *Morgunblaðið*, 27. ágúst 1952, bls. 1-2 – Gunnar Thoroddsen: „Hið mikla átak einstaklinganna. 600 smáíbúðir í Sogamýri". *Morgunblaðið*, 17. janúar 1954, bls. 9 og 11 – Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 312-315 – Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Hamarsgerði – Langagerði – Sogavegur – Tunguvegur*, bls. 9-10 – *Hverfaskipulag 1988. Borgarhluti 5. Múlar, Háaleiti, Hvassaleiti, Kringla, Smáíbúðahverfi, Bústaðahverfi, Fossvogur og Blesugróf*. Hverfakort.
[82] Hér tekið eftir *Reykjavík 1954: Störf og stefna Sjálfstæðismanna í bæjarmálum höfuðstaðarins*, mynd innan á bakhlið kápu.

endurnýjaður árið 1998 og hefur m.a. verið komið fyrir í honum leiksvæðum en helstu einkennum upprunalegs skipulags verið haldið.[83]



**Mynd 24**. Feðgarnir Benedikt Antonsson og Gísli Benediktsson við grunn hússins Bakkagerðis 19 um 1950-1953. Í baksýn er Teigagerði 14.[84]

Nokkur svæði í hverfinu hafa byggst seinna, m.a. svæðið við suðausturenda Sogavegar sem byggðist á áttunda áratugnum. Legu Sogavegar var breytt um 1966 þannig að í stað þess að liggja í beinni línu að gatnamótum Bústaðavegar og Breiðholtsvegar var gatan lögð í sveig niður að Bústaðavegi og lagðar nýjar götur út frá þessum hluta götunnar, Austurgerði og Byggðarendi. Við þessar götur var skipulögð byggð einbýlishúsa sem síðan risu flest á árunum 1970-1974.[85]

Árið 1972 var einnig samþykkt skipulag lóða norðan við Langagerðis, en það svæði hafði verið skilið eftir óbyggt að mestu samkvæmt skipulagi Smáíbúðahverfisins 1951. Þar risu einbýlis- og tvíbýlishús á árunum 1972-1975.[86]

Á norðaustanverðu svæðinu var byggðin einnig þétt á níunda áratugnum og skipulagðar nýjar íbúðalóðir norðan við Rauðagerði, næst Miklubraut, þar sem risu einbýlis- og tvíbýlishús á árunum 1980-1983.[87]

[83] Bragi Bergsson: „Almenningsgarðar á Íslandi“, bls. 457-465.
[84] Ljósm. Sigurður Úlfarsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, SIÚ 001 063 1-1.
[85] *Morgunblaðið*, 11. febrúar 1966, bls. 28 – Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: skra.is → Fasteignaskrá → Leit í fasteignaskrá. Sótt 10. júní 2013 – Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1954. Sótt 12. júní 2013.
[86] Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 107 og mynd bls. 114.
[87] Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: skra.is → Fasteignaskrá → Leit í fasteignaskrá. Sótt 10. júní 2013 – Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1954. Sótt 12. júní 2013.




**Mynd 25**. Borgarhlutinn á korti frá 1956. Smáíbúðahverfið er risið og raðhúsahverfi við Ásgarð.[88]

## Háaleitis- og Múlahverfi

Árið 1957 samþykkti samvinnunefnd um skipulagsmál heildaruppdrátt að stóru svæði í Kringlumýri, þar sem verið höfðu helstu ræktunarlönd Reykvíkinga frá því á kreppuárunum. Fyrirhugað var að leggja umferðaræð (Kringlumýrarbraut) þvert suður yfir Kringlumýrina, hér um bil hornrétt á Miklubraut og tók skipulagið til svæðisins báðum megin við hana, frá Stakkahlíð allt að austur Grensásvegi og frá Suðurlandsbraut suður að Bústaðavegi. Samkvæmt skipulaginu voru Sogavegur, sem áður lá frá Háteigsvegi suðaustur yfir svæðið, og Seljalandsvegur og Háaleitisvegur, sem lágu suður yfir það frá Suðurlandsbraut, aflagðir á þessum slóðum og í staðinn lögð ný gata, Háaleitisbraut, frá Skipholti, í boga niður að Miklubraut og þaðan beint suður að Bústaðavegi.

Í grófum dráttum var skipulagið þannig að gert var ráð fyrir íbúðabyggðum vestan Háaleitisbrautar, beggja vegna Miklubrautar sem skipti hverfinu í tvennt, en austan Háaleitisbrautar, milli Suðurlandsbrautar og Miklubrautar átti að vera atvinnusvæði og hverfi opinberra bygginga. Áhersla var lögð á gatnakerfið og að götur skiptust í íbúðagötur og umferðargötur sem aðgreindar yrðu frá byggðinni með breiðum gróðurbeltum.

[88] Kort Ágústs Böðvarssonar af Reykjavík 1956. Prentað eintak. Minjasafn Reykjavíkur.




**Mynd 26**. Heildarskipulagsuppdráttur frá 1957 að byggð í Kringlumýri og Háaleiti, vestan og austan fyrirhugaðrar Kringlumýrarbrautar og norðan og sunnan Miklubrautar.[89]

Á íbúðasvæðunum átti að vera blönduð byggð hárra fjölbýlishúsa, einbýlishúsa, raðhúsa og stakstæðra, tvílyftra húsa og í hvorum hverfishluta átti að vera barnaskóli, leikvellir, dagheimili og verslanir.[90] Var þetta í samræmi við ríkjandi skipulagshugmyndir á þessum tíma sem komu fram á uppdrætti að skipulagi borgarlandsins að Elliðaám sem gerður var í nokkrum útgáfum í kringum 1957, en hlaut aldrei formlega afgreiðslu.[91]

[89] Hér tekið eftir: Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur". Óútgefið handrit, mynd bls. 64.
[90] Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur". Óútgefið handrit, bls. 49 og myndir bls. 64-65 – *Morgunblaðið*, 19. desember 1957, bls. 2 – *Þjóðviljinn*, 24. desember 1957, bls. 1.
[91] Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi*, bls. 139-142.

Norðausturhluti svæðisins, sunnan Suðurlandsbrautar og vestan Grensásvegar, hafði þegar verið skilgreindur sem atvinnu- eða iðnaðarsvæði í skipulagstillögum frá 1953 og 1956 og var því í engu breytt á uppdrættinum 1957.[92] Einnig voru þá skipulögð iðnaðarhús austan Grensásvegar, á kaflanum milli Suðurlandsbrautar og Miklubrautar. Fyrstu húsin sem byggð voru samkvæmt skipulagi og samþykktum byggingarleyfum sunnan Suðurlandsbrautar og við Ármúla, Síðumúla, Lágmúla, Hallarmúla, Fellsmúla og Grensásveg, risu á árunum 1955-1960.[93] Flest húsin voru byggð í áföngum á alllöngu tímabili og var hverfið í áframhaldandi uppbyggingu á sjöunda og áttunda áratugnum. Bæði risu þarna iðnaðarhús og stórhýsi undir verslanir- og skrifstofur. Sú óskipulagða byggð sem fyrir var í Múlahverfi, bæði braggar og íbúðarhús sem byggð höfðu verið í húsnæðisskortinum kringum 1950, þurfti smám saman að víkja eftir því sem hin skipulagða byggð þéttist en þó stóðu nokkur þeirra húsa allt fram undir 1985 þegar hverfið var að fullu uppbyggt.[94]



**Mynd 27**. Hús við Ármúla á mynd frá um 1965-1967. Litla húsið vinstra megin við miðju tilheyrði gamla býlinu *Seljalandi* sem stóð við Seljalandsveg, þar sem nú er götustæði Háaleitisbrautar, rétt vestan við gatnamót Háaleitisbrautar og Ármúla. Vinstra megin við það sést húsið Ármúli 3 og hægra megin er Ármúli 2 í byggingu og lítið hús sem líklega hefur verið byggt á sjötta áratugnum. Húsið *Seljaland* var rifið árið 1967.[95]

Við Hvassaleiti og Háaleitisbraut sunnan Miklubrautar byggðist upp, eftir skipulaginu frá 1957, hverfi raðhúsa og fjölbýlishúsa á árunum 1960-1964. Meðfram Miklubraut og austan með Háaleitisbraut (við Stóragerði) risu stór fjögurra hæða fjölbýlishús en við götuna Hvassaleiti, sem lögð var í skeifu til vesturs frá Háaleitisbraut, voru byggð tvílyft raðhús, þríbýlishús og parhús. Eftir þessu skipulagi byggðust einnig á sama tíma einbýlis, tvíbýlis- og þríbýlishús austan Stóragerðis og við Brekkugerði ásamt fjölbýlishúsum við Skálagerði. Verslun fyrir hverfið var til að byrja með í bráðabirgðaskýli en um 1964-1967 var byggt

[92] Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 49.
[93] *Tíminn*, 10. maí 1996, bls. 12.
[94] GG: „Sprengingarnar dynja í Síðumúla.“ *Vísir*, 26. janúar 1972, bls. 2.
[95] Ljósm. Sveinn Þormóðsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, SVÞ 005 140 1-2.

háhýsi fyrir verslanir, skrifstofur og þjónustu í miðju hverfinu (*Austurver* vestan Háaleitisbrautar), eins og skipulagið hafði gert ráð fyrir.[96] Suðausturhorn svæðisins, milli Álmgerðis og Bústaðavegar, byggðist ekki fyrr en um miðjan áttunda áratuginn og þá eftir deiliskipulagi sem samþykkt var 1972. Þar risu einbýlishús á árunum 1973-1976.[97]



**Mynd 28**. Hvassaleiti og Háaleitisbraut sunnan Miklubrautar á loftmynd frá um 1960. Húsin við Hvassaleiti eru í byggingu.[98]

Við Háaleitisbraut norðan Miklubrautar, Álftamýri, Safamýri og Fellsmúla reis íbúðabyggð á árunum 1961-1966. Gerður var séruppdráttur að þessu svæði árið 1960 þar sem breytt var út af skipulaginu frá 1957 að því leyti að sett var inn íþróttasvæði fyrir Fram næst Miklubraut og íbúðabyggð á svæðinu milli Síðumúla og Háaleitisbrautar, þar sem skipulagið 1957 hafði gert ráð fyrir hverfi opinberra bygginga.[99] Samkvæmt þessu skipulagi risu stór fjölbýlishús meðfram Kringlumýrarbraut vestan Álftamýrar, meðfram Háaleitisbraut, meðfram Miklubraut sunnan Safamýrar og Fellsmúla og einnig norðanvert við Fellsmúla, en raðhús austan Álftamýrar og Háaleitisbrautar og þrí- og fjórbýlishús við Safamýri. Verslun fyrir hverfið var komið fyrir við eystri gatnamót Háaleitisbrautar og Safamýrar þar sem reist var tvílyft húsalengja fyrir verslanir og þjónustu árið 1965 (*Miðbær*).[100]

[96] Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 49 – Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 166-167.
[97] Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 49 og 107-108 og mynd bls. 115.
[98] Ljósm. ókunnur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS LS 33-10.
[99] Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls 49
[100] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 167.




**Mynd 29**. Borgarhlutinn á korti frá 1961. Sjá má að auk Smáíbúðahverfis og byggðar ofan Bústaðavegar er skipulögð byggð að rísa í Háaleitis- og Múlahverfi.[101]

## Aðalskipulag 1962-1983

Árið 1965 var fyrsta aðalskipulag Reykjavíkur samþykkt af borgarstjórn og staðfest af félagsmálaráðherra. Strax eftir stríðslok hafði komið í ljós að mikil þörf var á stefnumörkun um framtíðarþróun byggðarinnar í Reykjavík, nýtingu borgarlandsins og legu helstu umferðaræða. Vöxtur bæjarins hafði verið stórfelldur og eftirspurn eftir lóðum undir atvinnurekstur, stofnanir og íbúðarhúsnæði fór síst minnkandi eftir því sem á leið. Á fjórða áratugnum og fram á þann sjötta voru hugmyndir um skipulag bæjarlandsins settar fram á nokkrum uppdráttum sem aldrei voru formlega staðfestir.[102] Árið 1960 samþykkti bæjarstjórn svo ályktun um skipulagsmál þar sem lagður var grunnur að undirbúningi aðalskipulags fyrir höfuðstaðinn. Með nýjum skipulagslögum 1964 fengu borgaryfirvöld full yfirráð yfir skipulagsmálum í borginni og skipulagsnefnd Reykjavíkur tók til starfa. Á þessum tíma var

[101] Hluti af korti Ágústs Böðvarssonar af Reykjavík 1961. Prentað eintak. Minjasafn Reykjavíkur.
[102] Trausti Valsson: *Reykjavík. Vaxtarbroddur*, bls. 47-62 – Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi*, bls. 129-142.

unnið að hönnun aðalskipulagsins og komu fjölmargir að þeirri vinnu en yfirstjórn verksins var í höndum Gústafs E. Pálssonar borgarverkfræðings. Helsti ráðgjafinn við skipulagsvinnuna var Peter Bredsdorff, danskur prófessor í skipulagsfræðum. Skipulaginu var ætlað að gilda fyrir árin 1962-1983. Í því var í fyrsta sinn gert ráð fyrir nýjum byggðarkjörnum austan Elliðaáa. Eitt helsta einkenni skipulagsins var rík áhersla á aðgreiningu íbúðahverfa frá annarri starfsemi og aðgreiningu gangandi og akandi umferðar. Skilgreindar voru fjórar götugerðir eftir því hve mikla umferð þær áttu að bera: hraðbrautir, tengibrautir, safnbrautir og íbúðar- eða húsagötur.[103]



**Mynd 30.** Borgarhluti 3 í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1962-1983. Þar var m.a. gert ráð fyrir Miklubraut og Kringlumýrarbraut sem sex akreina hraðbrautum, miðbæjarsvæði í Kringlumýri sunnanverðri (gulur litur) og svæði opinberra stofnana vestast í Fossvogsdal (appelsínugulur litur).[104]

[103] *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*, bls. 3-7 – Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 68-72 – Trausti Valsson: *Reykjavík. Vaxtarbroddur*, bls. 63-70 – Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi*, bls. 143-148 – Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 241-248 – Pétur H. Ármannsson: *Heimili og húsagerð 1967-1987*, bls. 40-41 – *Morgunblaðið*, II Skipulag Reykjavíkur, 6. apríl 1966, bls. 16; 3. febrúar 1961, bls. 10– *Vísir*, 15. apríl 1966, bls. 7 og 17. maí 1966, bls. 4.
[104] *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*.

## Miklabraut

Bílaeign almennings fór mjög vaxandi á þessum tíma samfara vexti borgarinnar og nágrannabæjarfélaga og dreifingu byggðarinnar sem gerði það að verkum að framkvæmdir í umferðarmálum voru orðnar mjög brýnar. Á skipulagsuppdráttum af Reykjavík allt frá um 1936 hafði verið gert ráð fyrir umferðarbraut til austurs í framhaldi af Hringbraut allt að Elliðaárbrúm og árið 1942 var ákveðið að sú gata skyldi heita Miklabraut.[105] Á árunum 1947-1949 var Miklabraut malarborin og gerð akfær allt frá Miklatorgi austur að Suðurlandsbraut, rétt fyrir neðan Elliðaár. Gatan varð fljótt helsta umferðaræðin milli vestur- og austurhluta bæjarlandsins sem og aðalleiðin út úr bænum og þótti mikil samgöngubót.[106] Akreinar í vestur og austur voru aðskildar og tekið var frá 100 metra breitt belti fyrir götuna frá Stakkahlíð að Elliðaám. Seinna, þegar gatan var breikkuð og akreinum fjölgað, þóttu menn hafa sýnt mikla framsýni með þessu. Miklabraut var lögð um svæði sem ekki var hentugt til gatnagerðar, því þar tekur ein mýrin við af annarri, fyrst Norðurmýri, þá Kringlumýri og svo Sogamýri austan Grensáss. Því var nauðsynlegt að skipta um jarðveg á stórum köflum og árið 1957 var byrjað á kaflanum frá Miklatorgi að Lönguhlíð.[107] Á næstu árum og allt fram til um 1975 stóðu yfir framkvæmdir við Miklubraut þar sem skipt var um jarðveg undir vegarstæðinu í Kringlumýri og austan Grensásvegar og gatan malbikuð smám saman til austurs og gerð að fjögurra akreina götu með tveimur akreinum í hvora átt. Skipulagið frá 1965 gerði ráð fyrir að Miklabraut yrði í framtíðinni hraðbraut með sex akreinum og átta akreinum á kafla. Um 1980 var farið að ræða um nauðsyn þess að breikka Miklubraut enn frekar en það var ekki fyrr en á árunum 1994-2000 sem gatan var breikkuð í áföngum í sex akreinar, þrjár í hvora átt, austan Kringlumýrabrautar.[108]

## Kringlumýrarbraut

Lagning Kringlumýrarbrautar var einnig mikilvægur áfangi í umferðarmálum borgarinnar og skapaði nauðsynlega tengingu við sveitarfélögin suður af Reykjavík. Lega götunnar var ákvörðuð á skipulagsuppdrætti af bæjarlandinu frá um 1957 og sýnd á uppdrættinum að Háaleitis- og Múlahverfi frá sama ári, en eins og áður segir var þar gert ráð fyrir að brautin lægi þvert suður yfir Kringlumýrina og tengdi saman Suðurlandsbraut og Hafnarfjarðarveginn hjá Fossvogi. Í aðalskipulaginu frá 1965 var strax reiknað með að Kringlumýrarbraut yrði sex akreina hraðbraut. Byrjað var að leggja hana um það leyti sem uppbygging Háaleitishverfis hófst um 1960 og myndaðist fyrst kaflinn í kringum gatnamótin við Miklubraut. Á árunum 1965-1970 var brautin lengd í báðar áttir, til norðurs að Sigtúni og til suðurs að Hafnarfjarðarvegi við botn Fossvogs. Á árunum 1965-1970 var lagður kaflinn

---

105 Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 29 – *Morgunblaðið*, 18. ágúst 1936, bls. 6 – *Alþýðublaðið*, 4. maí 1942, bls. 2.

106 *Vísir*, 17. júlí 1947, bls. 1 og 6. október 1947, bls. 3 – *Alþýðublaðið*, 21. nóvember 1947, bls. 1 og 15. október 1948, bls. 4 – *Morgunblaðið*, 17. júlí 1947, bls. 1 og 20. ágúst 1949, bls. 1.

107 *Vísir*, 11. mars 1957, bls. 1 – *Morgunblaðið*, 22. desember 1957, bls. 5 og 2. nóvember 1958, bls. 11.

108 Einar B. Pálsson: „Miklabraut í Reykjavík“. *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands* 44. árg. 1959, 3. tbl., bls. 33-47 – *Morgunblaðið*, II Skipulag Reykjavíkur, 6. apríl 1966, bls. 5-6 – *Morgunblaðið*, 7. nóvember 1965, bls. 31; 10. maí 1966; 13. maí 1966; 9. janúar 1994, bls. 20; 27. júlí 1996, bls. 2; 12. júní 2001, bls. 43 – *Vísir*, 13. maí 1966, bls. 7 og 8-9; 17. maí 1966, bls. 4 – *Tíminn*, 6. júlí 1994, bls. 2.

milli Sigtúns og Borgartúns og með tilkomu Sæbrautar um 1975-1980 var gerð tenging við þá götu.[109]



**Mynd 31**. Horft suðureftir Kringlumýrarbraut á loftmynd frá um 1970-1975. Fremst eru gatnamót Laugavegar, Suðurlandsbrautar og Kringlumýrarbrautar, fjærst gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Enn er óbyggt svæði þar sem hús við Kringluna risu síðar.[110]

## Fossvogshverfi

Þegar aðalskipulagið frá 1965 kom út var Fossvogsdalurinn eina stóra svæðið sem eftir var óbyggt undir samfellda íbúðabyggð vestan Elliðaáa. Þar voru þá enn helstu garðlönd Reykvíkinga og nokkur byggð sumarbústaða en *Borgarspítalinn* (nú Landspítali-Háskólasjúkrahús) hafði einnig verið reistur vestarlega á svæðinu á árunum 1954-1966.[111] Árið 1961 höfðu bæjarstjórn Reykjavíkur og Skipulagsnefnd ríkisins staðið fyrir norrænni samkeppni um framtíðarskipulag byggðar í norðurhlíð dalsins. Í framhaldi af samkeppninni var ákveðið að kaupa tillögu arkitektanna Gunnlaugs Halldórssonar, Guðmundar Kr. Kristinssonar og Manfreðs Vilhjálmssonar, sem best þótti samræmast þeim hugmyndum sem skipulagsyfirvöld höfðu um uppbyggingu svæðisins. Í samvinnu við Reyni Vilhjálmsson

[109] *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*, bls. 184-187 – *Morgunblaðið* 19. desember 1957, bls. 2 og 13. maí 1966, bls. 14 – *Þjóðviljinn*, 24. desember 1957, bls. 1 – Einar B. Pálsson: „Miklabraut í Reykjavík“. *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands* 44. árg. 1959, 3. tbl., bls. 33 og 36 – *Vísir*, 13. maí 1966, bls. 7 og 8-9 og 17. maí 1966, bls. 4.
[110] Ljósm. Gunnar V. Andrésson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S91 15 15.
[111] *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, bls. 27.

landslagsarkitekt unnu þeir deiliskipulagsuppdrátt að íbúðabyggð á vestari hluta svæðisins sem samþykktur var árið 1964. Deiliskipulag fyrir eystri hlutann var samþykkt árið 1968.[112]

Fyrstu lóðunum vestast á svæðinu var úthlutað árið 1966 og hverfið byggðist upp á næstu árum og var að mestu fullbyggt upp úr 1970. Ákveðið var að dalbotninn yrði útivistarsvæði sem myndaði tengingu eða grænt belti gegnum borgarlandið með Hljómskálagarðinum, Öskjuhlíð, Elliðaárdal og Heiðmörk. Íbúðabyggðinni var deilt niður í fjögur svæði með gróðurgeirum á milli sem teygja sig upp úr dalnum og upp brekkuna að Bústaðavegi. Þar var komið fyrir dagheimilum, leikvöllum og göngustígum en í botni dalsins barnaskóla og íþróttasvæði. Við skipulag hverfisins var sérstök áhersla lögð á aðgreiningu akandi og gangandi umferðar eins og aðalskipulagið frá 1965 kvað á um, einkum þannig að börn og fullorðnir kæmust til skóla, leikvalla og matvöruverslana án þess að fara yfir umferðargötur. Byggðin var skipulögð þannig að húsin fara lækkandi eftir því sem neðar dregur í dalinn, en efst og samsíða Bústaðavegi standa lág fjölbýlishús, neðar raðhús og neðst eru einlyft einbýlishús sem standa við lokaðar götur.[113]



**Mynd 32**. Uppdráttur Gunnlaugs Halldórssonar, Guðmundar Kr. Kristinssonar og Manfreðs Vilhjálmssonar að Fossvogshverfi.[114]

Vestasti hluti Fossvogsdalsins eða svæðið umhverfis Borgarspítalann byggðist ekki fyrr en eftir 1980. Á árunum 1980-1981 var unnið nýtt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð vestan götunnar Eyrarlands. Það svæði var eitt af þeim sem skilgreind voru sem þéttingarsvæði í skipulagsvinnu borgarinnar í kringum 1980, en þá voru flest ný byggingarsvæði vestan Elliðaáa fullbyggð.[115] Á þessu svæði og vestur með Fossvogsvegi (við Markarveg, Kjarrveg

[112] *Vísir*, 9. febrúar 1966, bls. 6 og 8-9 – *Morgunblaðið*, II Skipulag Reykjavíkur, 6. apríl 1966, bls. 7; 3. febrúar 1961, bls. 10 – Pétur H. Ármannsson: *Heimili og húsagerð 1967-1987*, bls. 41-42 – *Hverfaskipulag 1988. Borgarhluti 5. Múlar, Háaleiti, Hvassaleiti, Kringla, Smáíbúðahverfi, Bústaðahverfi, Fossvogur og Blesugróf.* Hverfakort – Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 74-75, 106 og mynd bls. 162 – Guðmundur Gunnarsson: „Starfsumhverfi íslenskra arkitekta á tímabilinu 1930 til 1970. *Arkitektatal*, bls. 102.

[113] *Vísir*, 9. febrúar 1966, bls. 6 og 8-9 – *Morgunblaðið*, II Skipulag Reykjavíkur, 6. apríl 1966, bls. 7 – Pétur H. Ármannsson: *Heimili og húsagerð 1967-1987*, bls. 41-42 – *Hverfaskipulag 1988. Borgarhluti 5. Múlar, Háaleiti, Hvassaleiti, Kringla, Smáíbúðahverfi, Bústaðahverfi, Fossvogur og Blesugróf.* Hverfakort.

[114] Hér tekið eftir: *Vísir*, 9. febrúar 1966, bls. 9.

[115] Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 106.

og Klifveg), reis blönduð byggð einbýlishúsa, parhúsa, raðhúsa og sambýlishúsa á árunum 1982-1985. Á norðvesturhluta svæðisins, við Sléttuveg vestan Borgarspítalans, hafa risið fjölbýlishús eftir 1990.[116]



**Mynd 33**. Séð í austur yfir nýbyggingar í Fossvogi. Tveir menn vinna við smíðar á þaki eins hússins.[117]

## Fossvogsbraut

Deiliskipulagsuppdrættir að Fossvogshverfi og aðalskipulagið frá 1965 gerðu ráð fyrir hraðbraut, Fossvogsbraut, sem ganga skyldi gegnum dalinn fyrir neðan hverfið og þjóna sem framhald af hraðbraut sem ráðgerð var frá miðbænum og suður og austur með Öskjuhlíð (undir Hlíðarfæti neðan Fossvogskirkjugarðs). Staðsetning hraðbrautar um þetta svæði var mjög umdeild og á áttunda og níunda áratugnum var ágreiningur milli Reykjavíkur og Kópavogsbæjar um lagningu brautarinnar, sem Kópavogsbær felldi út af skipulagi sínu um miðjan níunda áratuginn, en í aðalskipulagi Reykjavíkur 1984-2004 voru settir fram tveir kostir þar sem annars vegar var gert ráð fyrir að Fossvogsbraut yrði lögð og létti þá á umferð um Bústaðaveg og Miklubraut, en hins vegar að hún yrði ekki lögð og í staðinn yrði meira álag á Miklubraut með tilheyrandi framkvæmdum. Um 1990 var horfið frá því að leggja Fossvogsbraut ofanjarðar en í aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010 var gert ráð fyrir þeim möguleika að leggja brautina um jarðgöng í staðinn. Með aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 var endanlega horfið frá hugmyndinni um hraðbraut gegnum Fossvogsdal en þá stóð til

[116] Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: skra.is → Fasteignaskrá → Leit í fasteignaskrá. Sótt 10. júní 2013 – Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1954. Sótt 12. júní 2013.
[117] Ljósm. Magnús Axelsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, 365 hús 10.

að Kópavogur og Reykjavík ynnu sameiginlega að nánari tillögu um almenningsvagnaleið neðanjarðar í Fossvogsdal undir Digranesháls.[118]




**Mynd 34**. Borgarhlutinn á korti frá 1971. Kringlumýrarbraut hefur verið lögð, Fossvogshverfi er risið og byggð hefur þést í Háaleiti og Múlum, en enn er óbyggt í syðsta hluta Kringlumýrar.[119]

## Blesugróf

Deiliskipulag íbúðabyggðar í Blesugróf austan Fossvogsdals var samþykkt af borgarráði árið 1961.[120] Eins og áður segir var fyrir í Blesugróf töluverð byggð sumarbústaða og smáhýsa sem risið hafði án skipulags frá fjórða áratugnum fram á þann sjötta. Um það leyti sem hið nýja íbúðarhverfi var skipulagt var ákveðið að fyrirhuguð Reykjanesbraut skyldi liggja á þeim

[118] *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*, bls. 184-187 – *Aðalskipulag Reykjavíkur 1984-2004*, bls. 88-89 – *Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016*, bls. 61 – *Vísir*, 9. febrúar 1966, bls. 6 og 8-9; 17. maí 1966, bls. 4 – *Tíminn*, 9. janúar 1974, bls. 6; 19.apríl 1990, bls. 5 – *Þjóðviljinn*, 18. nóvember 1976, bls. 1 og 14; 20. mars 1980, bls. 8 – *Morgunblaðið*, B-blað, 17. nóvember 1985, bls. 4-5; 17. maí 1989, bls. 24– *DV*, 15. september 1987, bls. 5; 4. janúar 1990, bls. 40.
[119] Hluti af korti Ágústs Böðvarssonar af Reykjavík 1971. Prentað eintak. Minjasafn Reykjavíkur.
[120] Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 75.

slóðum þar sem Útvarpsstöðvarvegur eða Breiðholtsvegur lá, vestan byggðarinnar í Blesugróf (þar sem Stjörnugróf er nú), en seinna komust menn að þeirri niðurstöðu að betra væri að leggja hana austan meginbyggðarinnar og var skipulaginu breytt í samræmi við það árið 1967. Nýja íbúðahverfið var lengi í byggingu. Við skipulag þess virðist hafa verið tekið mið af hinni eldri byggð að nokkru leyti og götur lagðar á þeim slóðum þar sem stígar höfðu áður myndast. Eldri byggðin stóð að miklu leyti óbreytt langt fram á áttunda áratuginn og ný hús voru byggð inni á milli samkvæmt skipulaginu, en um 1970-1975 voru nokkur hús rifin vegna lagningar Reykjanesbrautar. Á áttunda og níunda áratugnum var fyrst farið að byggja að marki eftir skipulaginu og hverfið tók á sig þá mynd sem það hefur í dag, en á tíunda áratugnum og eftir 2000 hafa haldið áfram að rísa ný hús innan um þau eldri. Hluti hinnar elstu byggðar hefur þurft að víkja en eins og áður segir standa þó enn allmörg þeirra húsa sem byggð voru fyrir tíð skipulagsins.[121]



**Mynd 35**. Blesugróf á loftmynd frá 1965. Hér er byrjað að leggja götur og byggja hús eftir skipulaginu frá 1961. Áberandi á neðri hluta myndarinnar er skurður sem grafinn var vegna holræsis sem verið var að leggja á þessum tíma frá hinu nýja Árbæjarhverfi um Fossvogsdal. Neðst fyrir miðju má sjá Fjárborgina sem stóð þar sem nú er neðsti hluti Smiðjuvegar.[122]

[121] Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 75 og 199 – Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990.* Fyrri hluti, bls. 27 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 93 – Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: skra.is → Fasteignaskrá → Leit í fasteignaskrá. Sótt 10. júní 2013 – Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1954, 1965, 1971, 1975, 1979, 1984, 1990, 1995. Sótt 10. júní 2013.
[122] Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1965.



**Mynd 36**. Blesugróf á loftmynd frá 1975. Hér er búið að rífa Fjárborgina og leggja Reykjanesbraut austan með meginbyggðinni í Blesugróf.[123]

## Kringlan og Leitin

Þegar unnið var að aðalskipulaginu 1962-1983 á sjöunda áratugnum var meðal annars horft til þess að mæta þyrfti aukinni þörf fyrir rými undir verslunarstarfsemi og bílastæði sem henni fylgdi. Svæðið syðst í Kringlumýri, sem einnig var kallað Mjóamýri, þótti þá henta einna best sem nýtt miðbæjarsvæði. Samkvæmt skipulaginu átti svæði hins *Nýja miðbæjar* að liggja sunnan Miklubrautar og austan Kringlumýrarbrautar og niður í Fossvogsdal. Gert var ráð fyrir að stórverslanir og meiri háttar fjölverslanir, með nægum bifreiðastæðum handa viðskiptavinum, risu innan tiltölulega skamms tíma enda myndu þær njóta góðs af vaxandi íbúðabyggð í nágrenninu. Einnig átti að koma fyrir einu eða fleiri hótelum á svæðinu og borgarleikhúsi á áberandi stað, auk þess sem ætla skyldi kvikmyndahúsum og veitingastöðum stað nálægt helstu verslunargötunum. Ráðlegast þótti að byggja þétt með lágum, sambyggðum húsum og koma bílastæðum fyrir neðanjarðar.[124] Framkvæmdir við Nýja miðbæinn drógust hins vegar og sú verslunarstarfsemi sem þar var ætlaður staður tók að dreifast á aðra staði í bænum, einkum inn Suðurlandsbraut og í Skeifuna.[125]

---

[123]Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1975.

[124] *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962–83*, bls. 167-168 – Finnur Kristinsson: *Drög að skipulagssögu Reykjavíkur*. Óútgefið handrit, bls. 157 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 106 og 193 – Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan – Listabraut – Kringlumýrarbraut – Miklabraut*, bls. 7.

[125] Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi*, bls. 145 – *Aðalskipulag Reykjavíkur 1984–2004*, bls. 62.



**Mynd 37**. Hús verslunarinnar og svæðið þar sem verslunarmiðstöðin Kringlan byggðist síðar á mynd frá 1982.[126]

Það var ekki fyrr en á áttunda áratugnum sem hafist var handa við byggingu húsa á hinu fyrirhugaða miðbæjarsvæði í Kringlumýri. Árið 1975 var samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið, sem þá var kallað Kringlubær, þar sem gert var ráð fyrir þéttri byggð verslunarhúsa með yfirbyggðum götum. Fyrsta húsið sem reis á svæðinu var *Hús verslunarinnar*, sem byggt var fyrir Verslunarráð Íslands og fleiri samtök tengd verslun á árunum 1975–1981. Um miðjan áttunda áratuginn lét Reykjavíkurborg, í samvinnu við Leikfélag Reykjavíkur, einnig hefja framkvæmdir við byggingu *Borgarleikhússins* syðst á svæðinu. Byggingu þess húss var lokið árið 1988 og í október 1989 var það vígt við hátíðlega athöfn.[127]

Árið 1982 var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir svæðið enda voru þá komnar fram nýjar hugmyndir um miðbæjarkjarna, sem tóku mið af svokölluðu „molli" sem átti uppruna sinn í Bandaríkjunum. Þetta skipulag gilti í aðalatriðum á níunda áratugnum.[128] Þá hóf Morgunblaðið byggingu prentsmiðju- og skrifstofuhúss á svæðinu (byggt 1984-1991) og þá var einnig reist þarna á vegum Hagkaupa stærsta verslunarmiðstöð landsins, *Kringlan* (byggð 1985-1987). Í fyrstu voru húsin talin til Kringlumýrarbrautar en árið 1984 var búið að leggja nýja götu um svæðið sem fékk nafnið Kringlan. Var þá samþykkt að skrá öll húsin á svæðinu við Kringluna, utan Borgarleikhússins sem taldist standa við Háaleitisbraut sem á þessum kafla hlaut síðar nafnið Listabraut. Í nýju aðalskipulagi fyrir Reykjavík sem samþykkt var árið 1986 var gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu verslunar og þjónustu við Kringluna en

---

[126] Ljósm. Bjarnleifur Bjarnleifsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, 365 Reykjavík yfirlitsmyndir 10.

[127] Finnur Kristinsson: *Drög að skipulagssögu Reykjavíkur*. Óútgefið handrit, bls. 157 og mynd bls. 163 – Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Síðari hluti, bls. 457-460 – Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan – Listabraut – Kringlumýrarbraut – Miklabraut*, bls. 7, 12 og 16.

[128] Finnur Kristinsson: *Drög að skipulagssögu Reykjavíkur*. Óútgefið handrit, bls. 157 – *Hverfaskipulag 1988. Borgarhluti 5. Múlar, Háaleiti, Hvassaleiti, Kringla, Smáíbúðahverfi, Bústaðahverfi, Fossvogur og Blesugróf*. Hverfakort.

það olli nokkrum deilum á sínum tíma því að ýmsir óttuðust offjárfestingu í verslunarhúsnæði og vildu sporna gegn stórmarkaðaþróuninni.[129]

Í lok níunda áratugarins bættist við vestanmegin á svæðinu skrifstofubygging Sjóvár/Almennra tryggingar hf. (byggð 1987-1989). Á svipuðum tíma voru byggðar tvær samtengdar verslunar-, skrifstofu- og þjónustubyggingar sunnan verslunarmiðstöðvarinnar Kringlunnar, sem síðar voru sameinaðar í *Borgarkringluna* (Kringlan 4-6, byggð 1987-1988). Nýtt deiliskipulag fyrir svæðið norðan Listabrautar var samþykkt árið 1995.[130] Síðan hafa Borgarkringlan og Kringlan verið gerðar að einni verslunarheild og byggingarnar sameinaðar með tengi- og torgbyggingu (Kringlan 4-12, byggð 1998-1999). Auk þess hefur verið gert nýtt bílastæðahús í suðausturhorni svæðisins og tengibygging frá Borgarleikhúsinu yfir í Kringluna.[131]



**Mynd 38**. Séð yfir verslunarmiðstöðina Kringluna og nágrenni á loftmynd frá 1987. Verið er að grafa grunn að Borgarkringlunni og húsi Sjóvár/Almennra hf. við Kringluna.[132]

Svæðið sunnan Kringlunnar, milli Listabrautar og Bústaðavegar, var skipulagt fyrir íbúðabyggð árið 1978 og á árunum 1982-1985 voru byggð þar fjölbýlishús við göturnar Ofanleiti, Miðleiti og Neðstaleiti. Austanvert við Efstaleiti var á sama tíma byggt hús Ríkisútvarpsins. Uppbygging hverfisins var liður í þeirri skipulagsvinnu borgarinnar sem

---

[129] *Aðalskipulag Reykjavíkur 1984–2004*, bls. 65-66 – Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi*, bls. 158 – Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan – Listabraut – Kringlumýrarbraut – Miklabraut*, bls. 7-8, 10 og 15.

[130] Finnur Kristinsson: *Drög að skipulagssögu Reykjavíkur*. Óútgefið handrit, bls. 157 og mynd bls. 165.

[131] Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan – Listabraut – Kringlumýrarbraut – Miklabraut*, bls. 8, 11 og 13-14.

[132] Ljósm. Gunnar V. Andrésson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, 365 Verslanir Kringlan 24.

snéri að þéttingu byggðar í Reykjavík á níunda áratugnum, sem áður er nefnd. Svæðið vestast við Ofanleiti var seinna endurskipulagt og þar gert ráð fyrir lóðum undir þjónustu. Þar var Verslunarskóli Íslands reistur um 1985. Yngstu húsin austan Efstaleitis voru byggð á árunum 1997-2006 og hýsa skrifstofur og stofnanir.[133]

Á svæðinu austan Kringlunnar, nánar tiltekið á landræmu milli gatnanna Kringlunnar og Hvassaleitis, reis á árunum 1984-1987 lítið hverfi raðhúsa, auk sjö hæða fjölbýlishúss næst Listabraut.

[133] Finnur Kristinsson: *Drög að skipulagssögu Reykjavíkur*. Óútgefið handrit, bls. 106 og 157 og mynd bls. 164 – Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: skra.is → Fasteignaskrá → Leit í fasteignaskrá. Sótt 10. júní 2013 – Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1954. Sótt 11. júlí 2013.

# 2. Skráning menningarminja í borgarhluta 5 – Háaleiti

## 2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi. Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[134]

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

> Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. … Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

> Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

> Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

[134] *Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní*. Tóku gildi 1. janúar 2013.

> Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
>
> **a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> **b**. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> **c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> **d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> **e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> **f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> **g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> **h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
> **i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingaarfs þjóðarinnar:

> **a**. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir,
> **b**. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
> **c**. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru <u>öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð</u>:

> Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

> Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

> Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## 2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Minjasafn Reykjavíkur heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár.

### 2.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur

**Fornleifaskrá Reykjavíkur** var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2013) eru um 2100 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa. Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Minjarnar fá þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðabók Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi hlaupandi tölu innan jarðarnúmersins. Á því rannsóknarsvæði sem hér um ræðir eru skráðar minjar í landi jarðanna Laugarness (181165-230) og Bústaða (181167-232).

Við skráningu menningarminja er sögu jarðanna gerð skil og varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar í nágrenninu. Þá er tegundum og hlutverki minja lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á gildandi skipulagsuppdrætti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar.[135] Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

**Minjaflokkar**

| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks |
|---|---|---|
| **1** | Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri | Rauður |
| **2** | Minjar frá 1914-1930 | Gulur |
| **3** | Minjar frá 1930 og yngri | Grænn |
| **4** | Herminjar frá 1940 og yngri | Blár |

[135] Vefur Borgarvefsjáin. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/.

### 2.2.2 Húsaskrá Reykjavíkur

**Húsaskrá Reykjavíkur** er gagnagrunnur um hús í Reykjavík. Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra.

Húsaskráin byggir á margvíslegum frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar Reykjavíkur, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig prentuðum heimildum og vettvangskönnunum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin. Húsaskráin er lögð til grundvallar við gerð húsakannana og hefur að geyma upplýsingar um varðveislumat húsa, sem horft er til þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum í borginni.

Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila. Ennfremur má sjá í veðmálabókum hvernig hús hafa gengið kaupum og sölum í Reykjavík í aldanna rás.

Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjalleg gögn. Ljósmyndir af húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdrættir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frumkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdrættir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sögu sem skráð er af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallegum upplýsingum um upphaflega gerð húss.

## 2.3 Borgarhluti 5 – Háaleiti – Fornleifaskráning og varðveislumat fornleifa og yngri minja

Minjar á þessu svæði tilheyra jörðunum Laugarnesi (181165-230) og Bústöðum (181167-232). Á rannsóknarsvæðinu eru 83 minjastaðir skráðir og eru þeir flokkaðir í þrjá hópa eftir aldri auk þess sem herminjar eru í sérstökum flokki, sjá töflu 1.

**Tafla 1.** Skráðar minjar í borgarhluta 3 - Háaleiti.

| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| **1** | Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri | Rauður | 23 |
| **2** | Minjar frá 1914-1930 | Gulur | 16 |
| **3** | Minjar frá 1930 og yngri | Grænn | 28 |
| **4** | Herminjar frá 1940 og yngri | Blár | 16 |
| | | **Samtals** | **83** |

Allar minjar eru staðsettar á korti, sjá myndir 39 og 40.




**Mynd 39**. Kortið sýnir dreifingu skráðra minja á austurhluta svæðis í borgarhluta 5.[136]

[136] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur.




**Mynd 40**. Kortið sýnir dreifingu minja á vesturhluta svæðis í borgarhluta 5.[137]

[137] Grunnur úr Landsupplýsingarkerfi Reykjavíkur.

## 2.3.1 Fornleifar í borgarhluta 5

Skráðar fornleifar í borgarhluta 5 eru 23 talsins, sjá töflu 2. Vesturhluti svæðisins tilheyrði jörðinni Lauganesi en sá hluti jarðarinnar var notaður sem beitiland fyrr á öldum. Eftir að biskupsembættið flutti frá Laugarnesi 1856 var Laugarnesjörðin seld félaginu „Sameigendur Lauganess", sem réði til sín ábúanda sem sá um að reka jörðina, leigja hagagöngu og selja hey til skepnueigenda í Reykjavík auk þess að selja mó úr Laugamýri og Kirkjumýri. Jörðin varð síðan eign Reykjavíkurbæjar 1885 og var lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur 1894.[138]

Austari hluti borgarhlutans tilheyrði jörðinni Bústöðum. Bæjarhóll Bústaða var þar sem í dag er leiksvæði suður af söluturni við Bústaðaveg 130, sjá mynd 41. Á myndinni hefur túnakorti frá 1916 verið varpað yfir núverandi byggð til að staðsetja gamla bæjarstæðið. Túnakort Bústaða sýnir þau mannvirki sem voru á bæjarstæðinu árið 1916, þ.e.a.s túngarð (**232-10**), heimtröð, kálgarða (**232-5** og **232-9**), útihús (**232-2**, **232-3** og **232-4**) og bæjarhúsin (**232-1**).[139] Engar minjar eru þar sjáanlegar á yfirborði en trúlega eru þær í jörðu. Búast má við því að fornleifar finnist innan afmarkaðs verndarsvæðis, sjá mynd 41. Bústaðir byggðust úr landi Laugarness og er jarðarinnar fyrst getið í einni biskupasagna, Þorlákssögu, en þar er greint frá jarteiknum sem urðu þar árið 1325.[140] Bústaðir voru í eigu Viðeyjarklausturs til siðaskipta en urðu þá eign konungs.




**Mynd 41.** Túnakorti af Bústöðum hefur hér verið varpað yfir loftmynd frá árinu 2013 úr LUKR. Út frá túnakortinu eru mannvirki staðsett. Rauður hringur afmarkar verndarsvæði minjanna. Bústaðavegur er efst á myndin og Stjörnugróf til hægri.[141]

[138] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 121-126 og 127 – Lúðvík Kristjánsson: *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, bls. 29.
[139] Túnakort Bústaða 1916, Þjóðskjalasafn.
[140] *Biskupasögur* I, bls. 390.
[141] Loftmynd úr LUKR 2013, ásamt minjastöðum samkvæmt fornleifaskrá.

**Tafla 2**. Fornleifar – Borgarhluti 5, Háaleiti.[142]

| Númer | Sérheiti | Gata/nr. | Hlutverk | Tegund | Aldur | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 230-10 | Bústaðaborg | Sogavegur - Réttarholtsvegur | Fjárborg, landamerki | Heimild | | Ómetið | Já |
| 230-11 | Þrísteinar | | Landamerki | Heimild | | Ómetið | Já |
| 230-18 | Ámundaborg | Lágmúli 4-6 | Fjárborg, landamerki | Heimild | | Ómetið | Já |
| 230-50 | Kringlumýri | | Mógröf | Heimild | 1920 | Ómetið | Já |
| 230-52 | Lækjarhvammur | Lágmúli 4-6 | Erfðafestubýli | Heimild | 1890 | Ómetið | Já |
| 230-53 | Seljaland | Háaleitisbraut - Ármúli | Erfðafestubýli | Heimild | 1911-1967 | Ómetið | Já |
| 232-1 | Bústaðir | | Bæjarhóll | Heimild | 1350 | Ómetið | Að hluta |
| 232-2 | Bústaðir | Markland 14 | Útihús | Heimild | 1900 | Ómetið | Já |
| 232-3 | Bústaðir | | Útihús | Heimild | 1900 | Ómetið | Að hluta |
| 232-4 | Bústaðir | Markland 6 | Útihús | Heimild | 1900 | Ómetið | Já |
| 232-5 | Bústaðir | | Garðrækt | Heimild | 1900 | Ómetið | Að hluta |
| 232-6 | Söðulsteinn | Réttarholtsvegur 81 | Landamerki | Landamerkja - steinn | | Gott | Nei |
| 232-8 | Bústaðir | Bústaðavegur 130 | Heimtröð | Heimild | 1900 | Ómetið | Já |
| 232-9 | Bústaðir | Undarland 2 | Garðrækt | Heimild | 1900 | Ómetið | Já |
| 232-10 | Bústaðir | Stjörnugróf | Túngarður | Heimild | 1900 | Ómetið | Já |
| 232-74 | Laxakistur | Árhólmi | Laxakistur | Heimild | 1853-1890 | Ómetið | Já |
| 232-75 | Drekkjarhylur í Elliðaám | Árhólmi | Aftökustaður | Hylur | 1696 | Gott | Nei |
| 232-76 | | Árhólmi | Þjóðvegur | Heimild | 1909 | Ómetið | Já |
| 232-77 | Bústaðavegur hinn forni | Árhólmi | Þjóðvegur | Heimild | 1909 | Ómetið | Nei |
| 232-78 | Litunarhús | Árhólmi | Litunarhús, Rúst | Tóft + Gerði | 1750 | Ómetið | Nei |
| 232-79 | | Árhólmi | Rúst | Tóft | 1750 | Ómetið | Nei |
| 232-141 | Þófaramylla | Árhólmi | Rúst, Þófaramylla | Tóft + Gerði | 1750 | Ómetið | Nei |
| 232-154 | | Árhólmi | Rúst | Tóft | 1750 | Ómetið | Nei |

Áður en Elliðaárnar voru virkjaðar runnu árnar víðar um Árhólmana. Í einum þessara farvega á vestanverðum hólmanum var Skötufoss og steyptist hann í Drekkjarhyl (**232-75**). Ekki er ólíklegt að Drekkjarhylur hafi verið notaður til drekkingar á sínum tíma. Ekki er vitað hvaðan örnefnið er komið, en hylurinn er ekki langt frá hinni fornu leið sem lá yfir Árhólmana milli Bústaða og Ártúns. Fram kemur í Setbergsannál árið 1696 að barnslík hafi fundist hjá Ingunnarstöðum í Brynjudal. Meðgekk vinnukona að hafa átt það og útborið. Konan var dæmd til dauða á Kópavogsþingstað en drekkt í Elliðaám. Af Vallarannál má ráða að fyrir árið 1704 hafi sekum konum, sem væntanlega hlutu dóma sína á Kópavogsþingstað, ávallt verið drekkt í „Elliðaá syðri“, en 1704 var hins vegar brugðið á það ráð að drekkja konum í Kópavogslæknum nálægt þingstaðnum í Kópavogi.[143]

[142]Fornleifaskrá Minjasafns Reykjavíkur í gagnagrunninum Sarpi, sótt 01.12.2013.
[143] Páll Sigurðsson: *Aftökustaðir í landnámi Ingólfs og aftökur dæmdra manna*, bls. 35.

Í Jarðabók Árna og Páls sem er gerð um 1703, er jarðardýrleiki Bústaða óviss og er jörðin þá enn konungseign. Þar var tvíbýli og bjó ekkjan Guðrún Hallgrímsdóttir á hálfri jörðinni og Jón Jónsson á hálfri. Landskuld var sextíu álnir, helmingur hjá hvorum ábúanda. Leigukúgildi voru tvö og kvikfénaður allrar jarðarinnar var fimm kýr, tveir vetrungar, fjórtán lömb, átta ær, fimm sauðir veturgamlir, einn þrevetra foli, einn tvævetra foli og eitt folald, en fóðrast gátu á jörðinni ríflega sex kýr. Alls bjuggu á jörðinni átta manns. Mótekja var nægileg og torfrista, engjar voru nokkrar en úthagar þröngir og þáðu ábúendur beit af nágrönnum.[144]



**Mynd 42.** Þófaramylla Innréttinganna við Elliðaár árið 1789.[145] Húsið hefur verið timburhús og við það sést mylluhjólið sem vatnsstraumurinn hefur snúið. Myndin er stílfærð en í baksýn má sjá báðar kvíslar Elliðaánna steypast niður og fjær er Vífilfell.

Þegar Innréttingarnar voru stofnaðar af Skúla Magnússyni árið 1751 var einn þáttur þeirra ullarvinnsla. Kringum þessa starfsemi mynduðust fyrstu drög að þéttbýlismyndun í Reykjavík. Helstu mannvirki Innréttinganna voru ullarverksmiðjunar við Aðalstræti, en í tengslum við þær fór fram talsverð starfsemi í Elliðaárdal, í landi Bústaða. Vinnslan var háð því að nægt vatn væri til og var staðsetning við Elliðaárnar því heppileg. Á árbakkanum voru þófaramylla, litunarhús og sútunarverkstæði.[146] Minjar um þessi mannvirki eru í Árhólmunum á vestari bakka eystri Elliðaár (**232-78, 232-79, 232-141 og 232-154**, sjá mynd 43). Umhverfi hefur breyst þarna, þar sem búið er að virkja árnar og veita stórum hluta vatnsins í eystri farveginn. Greina má þó þurra lækjarfarvegi og ímynda sér hvernig vatninu hefur verið veitt að þófaramyllunni, sjá mynd 42 og 43.

144 *Jarðabók*, III.bindi, bls. 275-276.
145 Teikning eftir John Baine, Þjóðskjalasafn. Hér tekið úr Árni Hjartarson: *Elliðaárdalur. Land og saga,* bls. 76.
146 Árni Hjartarson: *Elliðaárdalur. Land og saga,* bls. 74.




**Mynd 43.** Innréttingaminjar í Árhólmunum í Elliðaárdal. Rauður hringur afmarkar verndarsvæði minjanna.[147] Þjóðleiðin lá rétt fyrir sunnan svæðið. Vegna jarðrasks við gerð Rafstöðvarinnar er ekki lengur hægt að sjá hvar leiðin lá yfir eystri ána.

Ekki segir mikið af jörðinni Bústöðum fyrr en konungur selur hana árið 1837 án veiðiréttinda. Árið 1848 kaupir Ditlev Thomsen kaupmaður Bústaði[148] og árið 1853 veiðiréttinn í ánum auk jarðarinnar Ártúns. Eftir að Ditlev Thomsen eignast veiðiréttinn þvergirðir hann árnar og setti niður fjórar laxakistur (**232-74**). Kisturnar hafa verið í neðrihluta ánna og eru þær merktar inn á kort Benedikts Gröndal frá 1880,[149] sjá mynd 44.

Elsta þjóðleiðin til og frá Reykjavík lá frá Skólavörðuholti um Öskjuhlíð og áfram austur Bústaðaholt á þeim slóðum þar sem Bústaðavegur er nú. Frá Bústöðum lá leiðin austur yfir vaðið á vestari kvísl Elliðaánna um Árhólmann sunnan við Drekkjarhyl og rústirnar af húsum Innréttinganna og yfir eystri kvísl Elliðaánna rétt austan við þar sem Toppstöðin er í dag og að Ártúni. Leiðin er merkt inn á kort Benedikts Gröndal frá árinu 1880, sjá mynd 44.[150] Hugsanlega leynist hluti af þessari þjóðleið (**232-77**) vestan við húsið Bjarkarhlíð, á Bústaðabletti 18, austan Bústaðakirkju. Leið þessi var aðalvegurinn austur úr bænum þar til byggðar voru tvær brýr yfir Elliðaár árið 1883 og nýr vegur var lagður í framhaldi af Laugavegi norður fyrir Grensás og í gegnum Sogamýri, sem ýmist var nefndur Suðurlandsvegur eða Suðurlandsbraut (núverandi Suðurlandsbraut), sjá mynd 44.[151]

---

[147] Loftmynd úr LUKR 2013, ásamt minjastöðum samkvæmt fornleifaskrá.
[148] *Þjóðólfur* 23. apríl 185,1 bls. 258 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 18 – *Þjóðólfur* 31.12.1867, bls. 36.
[149] Kort Benedikts Gröndal „Elliðaár frá upptökum að árósum 1880", birt í *Elliðaár, paradís í Reykjavík* eftir Guðmund Daníelsson.
[150] Kort Benedikts Gröndal „Elliðaár frá upptökum að árósum 1880", birt í *Elliðaár, paradís í Reykjavík* eftir Guðmund Daníelsson.
[151] *Herforingjaráðskort. Generalstabens topografisker Afdeling*, 1909 Köbenhavn.



**Mynd 44.** Hluti af korti Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880.[152] Á kortinu má sjá bæina Bústaði, Ártún, Árbæ og Breiðholt. Einnig er sýnd þjóðleiðin á milli Bústaða og Ártúns yfir Árhólmana og staðsetning á þvergirðingum og laxakistum þar fyrir norðan. Kortið var lagt fram í hinum svonefndu Elliðaármálum og sýnir veiðistaði og örnefni á þeim tíma.

Skammt norðan við þjóðveginn á Bústaðaholti var svokallaður Söðulsteinn (**232-6**), sérkennilegur steinn líkur hnakk í laginu. Þessi steinn er á landamerkjum Bústaða og Laugarness og stendur enn rétt norðaustan við gatnamót Réttarholtsvegar og Bústaðavegar, sjá mynd 46.[153] Annað landamerki milli Bústaða og Laugarness var Bústaðaborg, sem hefur verið fjárborg. Staðsetning hennar er ekki örugg en talið er að hún hafi verið þar sem býlið Brekka stóð áður eða nálægt gatnamótum Réttarholtsvegar og Sogavegar.[154]

[152] Loftmynd úr LUKR 2013, ásamt minjastöðum samkvæmt fornleifaskrá Minjasafns Reykjavíkur.
[153] Árni Óla: *Reykjavík fyrri tíma*, 2. bindi, bls. 434-435.
[154] Guðlaugur R. Guðmundsson: "Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár", *Reykjavík miðstöð þjóðlífs. Safn til sögu Reykjavíkur*, bls.295-302.




**Mynd 45.** Hluti af Herforingjaráðskorti frá árinu 1909. Vagnavegir eru tvöfaldar línur en slóðar einfaldar. Nýja leiðin út úr bænum er í framhaldi af Laugavegi sem síðar verður Suðurlandsbraut. Bugðan á veginum við Elliðaárnar er vegna þess að brýrnar standast ekki á.[155]



**Mynd 46.** Söðulsteinn á horni Bústaðavegar og Réttarholtsvegar (232-6). Landamerki milli Bústaða og Laugarness lágu um það bil þar sem Réttarholtsvegur liggur nú, norður að Bústaðaborg.

---

[155] *Herforingjaráðskort. Generalstabens topografisker Afdeling*, 1909 Köbenhavn

Ámundaborg var fjárborg og landamerki milli Rauðarár, Laugarness og Reykjavíkur. Fjárborgin er merkt inn á kort Björns Gunnlaugssonar af Reykjavík frá 1850, rétt vestan við upptök Fúlutjarnarlækjar í Kringlumýri, þar sem síðar reis býlið Lækjahvammur og Lágmúli 4-6 er í dag, sjá mynd 4 í byggðakönnun hér að framan.

Reykjavíkurbær keypti jörðina Bústaði árið 1898 og 1923 var Bústaðaland lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Búskapur var stundaður að Bústöðum allt fram undir 1970.[156]

Snemma á 20. öld var byrjað að skipta Laugarnesjörðinni í fjölda ræktunarlanda eða erfðafestuskika en Bústöðum ekki fyrr en um 1932.[157] Á mörgum þessara bletta var stundaður þó nokkur búskapur eins og í Lækjarhvammi (**230-52**) og á Seljalandi (**230-53**).

## 2.3.2 Yngri minjar í borgarhluta 5

Skráðir minjastaðir frá tímabilinu 1914-1930 eru 16 talsins í borgarhluta 5, sjá töflu 3. Upp úr 1924 risu um 20 nýbýli á erfðafestuskikum í Sogamýri.[158] Býlin fengu ýmist eigið heiti eða voru kennd við númer skikans. Nú hafa verið skráð þau sem höfðu eigið heiti. Býlin voru reist í jaðri Sogamýrarinnar, flest við Grensásveg og Sogaveg. Þau erfðafestubýli sem enn standa frá þessu tímabili eru Vonarland og Melbær við Sogaveg. Meðal annarra minjastaða sem skráðir eru frá þessu tímabili eru Huldumannasteinar (**230-146**), nú bakvið Ármúla 32. Þeim fylgir sú saga að hænurnar á hænsnabúi Einars Tönsbergs hafi hætt að verpa þegar Einar ætlaði að sprengja í burtu steinana vegna byggingar íbúðarhúss á lóð sinni Sogamýrabletti 46. Annar merkisteinn er bakatil á lóðinni Ármúla 3. Á hann er klöppuð áletrunin *Oddur Sigurgeirsson 1927* Oddur var einn hinna kynlegu kvista í Reykjavík á fyrri hluta 20. aldar.[159]



**Mynd 47.** Steinn Odds Sigurðssonar sterka af Skaganum, bakatil á lóð Ármúla 3.

[156] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 108-109 – Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 47 og 84 – Lúðvík Kristjánsson: *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, bls. 29 – *Vísir*, 15. febrúar 1963, bls. 7 – *Morgunblaðið*, 14. nóvember 1968, bls. 4.
[157] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 180.
[158] Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 106.
[159] Guðjón Friðriksson: *Lesbók Morgunblaðsins* 5.3.1994.

**Tafla 3**. Minjar frá 1914-1930 – Borgarhluti 5, Háaleiti.

| Númer | Sérheiti | Gata/nr. | Hlutverk | Tegund | Aldur | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 230-109 | Grund, Litla-Grund, Sogamýrarblettur 1 | Grensásvegur 1 | Erfðafestubýli | Heimild | 1929 | Ómetið | Já |
| 230-110 | Merkisteinn, Sogamýrarblettur 2 | Grensásvegur 3 | Erfðafestubýli | Heimild | 1928 | Ómetið | Já |
| 230-111 | Hlíðarhvammur, Sogamýrarblettur 3 | Grensásvegur 9 | Erfðafestubýli | Heimild | 1925 | Ómetið | Já |
| 230-112 | Sjónarhóll, Sogamýrarblettur 4 | Grensásvegur 15 | Erfðafestubýli | Heimild | 1925 | Ómetið | Já |
| 230-113 | Litla-Hlíð, Sogamýrarblettur 9 | Vestan við Sogaveg 3 | Erfðafestubýli | Heimild | 1927 | Ómetið | Já |
| 230-114 | Fagridalur, Sogamýrarblettur 5 | Sogavegur 69 | Erfðafestubýli | Heimild | 1927 | Ómetið | Já |
| 230-115 | Sogahlíð, Sogamýrablettur 8 | Búðagerði 3 | Erfðafestubýli | Heimild | 1925 | Ómetið | Já |
| 230-116 | Vonarland, Sogamýrarblettur 6 | Sogavegur 75 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1926 | Ómetið | Nei |
| 230-117 | Brekka , Sogamýrarblettur 7 | Sogavegur - Réttarholtsvegur | Erfðafestubýli | Heimild | 1928 | Ómetið | Já |
| 230-145 | Steinn Odds sterka | Ármúli 3 | Áletrun | Áletrun | 1927 | Gott | Nei |
| 230-146 | Huldumannasteinar | Ármúli 32 | Álfabyggð | Óeiginlegar minjar | 1930 | Gott | Nei |
| 230-147 | Sogamýrarblettur 46 | Ármúli - Síðumúli | Hænsnabú | Heimild | 1930-1965 | Ómetið | Já |
| 230-148 | Álfhóll, Skyggnir, Sjónarhóll | Breiðagerðisskóli | Álfabyggð | Óeiginlegar minjar | | Gott | Já |
| 232-18 | Hestamannafélagið Fákur | Reykjanesbraut við Fák | Reiðvöllur | Heimild | 1922 | Ómetið | Já |
| 232-19 | Réttarholt, Sogamýrarblettur 10 | Sogavegur 103 | Erfðafestubýli | Heimild | 1928 | Ómetið | Já |
| 232-20 | Melbær, Sogamýrarblettur 12 A | Sogavegur 111-113 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1928 | Ómetið | Nei |

Skráðir minjastaðir frá því eftir 1930 eru 28 talsins í borgarhluta 5. Milli 1930 og 1940 var búið að skipta öllu svæðinu upp í erfðafestulönd . Á þeim tíma voru Fossvogsblettir og Bústaðablettir byggðir. Býli sem reist voru eftir 1930 á þessu blettum og standa enn eru 19 talsins. Þau hafa flest verið felld inn í nýtt skipulag, sjá töflu 4.

**Tafla 4**. Minjar frá 1930 og yngri – Borgarhluti 5, Háaleiti

| Númer | Sérheiti | Gata/nr. | Hlutverk | Tegund | Aldur | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 230-120 | Grænahlíð, Sogamýrarblettur 47 | Furugerði 23 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1949 | Ómetið | Nei |
| 230-121 | Fossvogsblettur 13 | Fossvogsvegur | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1939 | Ómetið | Nei |
| 230-122 | Fossvogsblettur 1 | Fossvogsvegur 2 | Erfðafestubýli | Vinnuskáli | 1951 | Ómetið | Nei |
| 230-123 | Fossvogsblettur 2 | Fossvogsvegur | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1934 | Ómetið | Nei |
| 230-124 | Fossvogsblettur 2A | Fossvogsvegur | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1934 | Ómetið | Nei |
| 230-125 | Fossvogsblettur 40 | Háaleitisbraut 175 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1935 | Ómetið | Nei |
| 230-126 | Fossvogsblettur 32 | Hlyngerði 6 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1946 | Ómetið | Nei |
| 230-127 | Sogamýrarblettur 59 | Brekkugerði 13 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1942 | Ómetið | Nei |
| 230-149 | Sogamýrarblettur 34 | Brekkugerði 18 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1941 | Ómetið | Nei |
| 230-129 | Vinaminni, Sogamýrarblettur 38 | Stóragerði 1 | Erfðafestubýli | Heimild | 1942 | Ómetið | Já |
| 230-130 | Sólvellir, Fossvogsblettur 47 | Bústaðavegur | Erfðafestubýli | Heimild | 1938 | Ómetið | Já |
| 230-131 | Húsfell, Kringlumýrarblettur 23 | Háaleitisbraut | Erfðafestubýli | Heimild | 1936 | Ómetið | Já |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 230-132 | Grænahlíð, Kringlumýrarblettur 13 | Safamýri 46 | Erfðafestubýli | Heimild | 1937 | Ómetið | Já |
| 232-21 | Melavellir, Sogamýrarblettur 14 | Rauðagerði 27 | Erfðafestubýli | Heimild | 1930 | Ómetið | Nei |
| 232-24 | Hjalli, Sogamýrarblettur 31 | Sogavegur 112 | Erfðafestubýli | Heimild | 1933 | Ómetið | Já |
| 232-25 | Bjarnastaðir, Bústaðablettur 14 | Skógagerði 2 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1932 | Ómetið | Nei |
| 232-26 | Búland, Bústaðablettur 16 | Tunguvegur 28 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1932 | Ómetið | Nei |
| 232-27 | Áshóll, Bústaðablettur 19 | Litlagerði 2 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1933 | Ómetið | Nei |
| 232-28 | Ásbyrgi, Bústaðablettur 3 | Kelduland 13-15 | Erfðafestubýli | Heimild | 1933 | Ómetið | Já |
| 232-29 | Sólheimar, Bústaðablettur 15 | Tunguvegur 20 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1943 | Ómetið | Nei |
| 232-30 | Höfðahólar, Sogamýrablettur 42 | Réttarholtsvegur 21-25 | Erfðafestubýli | Heimild | 1942-56 | Ómetið | Já |
| 232-31 | Vellir, Bústaðablettur 10 | Stjörnugróf ónr. | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1935 | Ómetið | Nei |
| 232-32 | Lækur, Bústaðablettur 9 | Stjörnugróf 11 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1933 | Ómetið | Nei |
| 232-33 | Hreiður, Bústaðablettur 8 | Stjörnugróf | Erfðafestubýli | Heimild | 1932 | Ómetið | Já |
| 232-33 | Staður, Bústaðablettur 6 | Undraland 4 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1933 | Ómetið | Nei |
| 232-34 | Arnarós, Bústaðablettur 7 | Vogaland 13 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1932 | Ómetið | Nei |
| 232-35 | Vindás, Bústaðablettur 17 | Austurgerði 7 | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1933 | Ómetið | Nei |
| 232-36 | Bjarkarhlíð, Bústaðablettur 18 | Bústaðavegur | Erfðafestubýli | Íbúðarhús | 1935 | Ómetið | Nei |

### 2.3.3 Herminjar í borgarhluta 5

Skráðar herminjar í borgarhluta 5 eru 16. Þetta voru allt herskálahverfi sem voru dreifð um borgarhlutann, en flest voru þau við gamla Háaleitisveg norðanverðan. Háaleitisvegur var forveri Háaleitisbrautar en lá aðeins austar, samsíða Grensásvegi, milli Bústaðavegar og Suðurlandsbrautar, sjá töflu 5. Allar herminjar eru trúlega horfnar af svæðinu.

**Tafla 5**. Herminjar frá 1940 og yngri – Borgarhluti 5, Háaleiti.

| Númer | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Ástand | Gata/nr. | Aldur | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 230-96 | Camp Casement | Suðurlandsbraut 8 | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |
| 230-97 | Múlakampur - Camp Caledonia | Vegmúli | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |
| 230-98 | Herskólakampur | Suðurlandsbraut 22 | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |
| 230-99 | Harley Street Camp | Ármúli 21 | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |
| 230-103 | Camp King (Redesdale Camp) | Breiðagerði | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |
| 230-106 | Camp Edwards (Rushmoor Camp) | Hólmgarður | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |
| 230-118 | Bytown Camp | Bústaðavegur - Kringlumýrabraut | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |
| 230-119 | Bunker Hill Camp | Bústaðavegur - Kringlumýrabraut | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |
| 230-128 | Selby Camp | Hágerði 31 | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |
| 232-12 | Camp Handley Ridge | Réttarholtsskóli | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |
| 232-13 | Camp Curtis (Camp Pershing) (Camp Tadcaster) | Rauðagerði | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |
| 232-14 | Camp Ripon | Garðsendi 21 | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |
| 232-15 | Camp Pony Track | Reykjanesbraut | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | - Fákur | | | | | |
| 232-16 | Camp Salmon River Damp | Vogarland 2 | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |
| 232-17 | New Mercur Camp | Blesugróf | Braggahverfi | Heimild | 1940 | Ómetið | Já |

## 2.3.4. Varðveislumat fornleifa og yngri minja

Á rannsóknarsvæðinu innan borgarhluta 5 eru 24 skráðar fornleifar. Helsta minjasvæðið er bæjarhóll Bústaða sem er suður af söluturni við Bústaðveg, sjá mynd 41. Engar minjar er þar að sjá á yfirborði en nokkuð víst er að elstu minjarnar eru neðanjarðar. Staðsetja mætti þær betur með jarðsjá. Annað minjasvæði er í Elliðaárdal, en þar eru minjar frá tímum Innréttinganna. Minjarnar eru mjög óljósar en 6 eru sýnilegar á yfirborði, sjá töflu 2. Allar þessar minjar ber að varðveita.

Yngri minjar, frá tíma erfðafestubýla (1920 til 1930) sem risu fyrst við Grensásveg og Sogaveg í Sogamýrinni, á svokölluðum Sogamýrarblettum, eru að mestu horfnar. Tvö hús standa enn sem fulltrúar þessa tímabils en það eru Vonarland og Melbær. Síðar byggjast upp Bústaðablettir og Fossvogsblettir. Þau hús sem enn standa frá þeim tíma eru 8 talsins og hafa verið felld inn í núverandi skipulag.

Allar herminjar eru trúlega horfnar í borgarhluta 5.

## 2.4 Borgarhluti 5 – Háaleiti – Hverfisskráning og varðveislumat hverfishluta

Við mat á varðveislugildi byggðar eru metnir fjórir þættir: *Listrænt gildi, menningar-sögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunaleg gerð.* Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er stuðst er við Húsverndarskrá Reykjavíkur sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*, *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Einnig er stuðst við endurskoðun á varðveisluflokkum Húsverndarskrár Reykjavíkur sem er hluti af borgar-verndarstefnu sem lögð hefur verið fram sem hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, og er nú í skipulagsferli (2013).

Varðveisluflokkarnir eru:

**BLÁR FLOKKUR**: *Friðlýst hús og mannvirki.*
Hús friðlýst samkvæmt 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.“[160]
Á skrá er getið hvaða hluti byggingar er friðaður og friðunarár.
Hús sem friðuð voru samkvæmt eldri lögum teljast nú friðlýst.

**FJÓLUBLÁR FLOKKUR**: *Friðuð hús.*
Hús friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir: „Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.“

Gildir nú um hús byggð 1913 eða fyrr samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Fyrirvari er gerður um að þar sem ekki hafa verið gerðar húsakannanir á öllu svæðinu getur verið ósamræmi milli fasteignaskrár og húsaskrár Reykjavíkur. Komi upp vafamál ber að hafa samband við Minjasafn Reykjavíkur á netfangið minjasafn@reykjavik.is

**RAUÐUR FLOKKUR**: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.[161]

**GULUR FLOKKUR**: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra. [162]

**Hverfisvernd** byggir á 2. gr. skipulagslaga 2010 nr.123/22. september. Þar segir:

[160] *Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012*. Tóku gildi 1. janúar 2013.
[161] Áður flokkar: **grænn** – verndun 20. aldar bygginga, **rauður** – tillaga að friðun og **dökkgulur** – verndun götumynda, sjá *Húsvernd í Reykjavík,* þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.
[162] Áður flokkar: **ljósgulur** – byggðamynstur og **milligulur** – verndun svæða, sjá *Húsvernd í Reykjavík,* þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

*„Hverfisvernd:* Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja“.[163]

Til umfjöllunar er borgarhluti 4, Laugardalur, sem markast til vesturs af línu sem dregin er eftir miðri Snorrabraut og til austurs af Elliðaám. Í suður markast borgarhlutinn af línu sem dregin er um eftirtaldar götur en miða skal við miðju þeirra: Hverfisgata, Laugavegur, Suðurlandsbraut, Grensásvegur og Miklabraut. Í norður markast borgarhlutinn af sjó.

**HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR**
**Varðveislumat húsa og mannvirkja í borgarhluta 5:**

**RAUÐUR FLOKKUR:** Einstök hús, húsaraðir og götumyndir.

**Akurgerði 1-9** - Reist 1953. Hönnuður Hannes Kr. Davíðsson arkitekt.

**Akurgerði 11-13, 15-17 og 19-21** - Reist 1953-1961. Hönnuðir Guttormur Andrésson arkitekt og Ólafur Guttormsson teiknari.

**Bjarmaland 23** - Reist 1966. Hönnuður Guðmundur Kr. Kristinsson arkitekt.

**Breiðagerði 20** - *Breiðagerðisskóli*. Fyrsti hluti reistur 1956-57. Austurálma 1961. Sundlaug 1964. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.

**Brekkugerði 19** - Reist 1963. Hönnuður Högna Sigurðardóttir arkitekt.

**Brekkugerði 10** - Reist 1953. Hönnuður Kjartan Sveinsson byggingartæknifræðingur.

**Brekkugerði 12** - Reist 1960. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt.

**Brekkugerði 24** - Reist 1962. Hönnuður Teiknistofan Ármúla 6; Gísli Halldórsson arkitekt, Jósef Reynis arkitekt og Ólafur Júlíusson byggingafræðingur.

**Brekkugerði 26** - Reist 1960. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt.

**Bústaðakirkja** - Tunguvegur 25. Reist 1964-1971. Hönnuður Helgi Hjálmarsson arkitekt.

**Byggðarendi 3** - Reist 1970. Hönnuðir Eðvarð Guðmundsson arkitekt og Steingrímur Th. Þorleifsson.

**Byggðarendi 11** - Reist 1969. Hönnuður Guðmundur Kristinn Guðmundsson arkitekt.

**Grensáskirkja** - Háaleitisbraut 66. Reist 1996. Hönnuður Jósef Reynis og Gísli Halldórsson, Teiknistofunni Ármúla hf..

**Safnaðarheimili Grensáskirkju** - Reist 1972. Höfundur Skúli H. Norðdahl.

---

[163] *Skipulagslög 2010 - nr. 123 - 22. september*. Tóku gildi 1. janúar 2011.

**Grundarland 10** - Reist 1966. Hönnuður Guðmundur Kr. Guðmundsson arkitekt.

**Grundarland 19** – Reist 1968. Hönnuður Manfreð Vilhjálmsson arkitekt.

**Haðaland 9** – Reist 1968. Hönnuður Kjartan Sveinsson.

**Heiðargerði 35-41 -** Reist 1952-1955. Hönnuður Þór Sandholt arkitekt. Húsin mynda heillega götumynd sem haldið hafa sínu upprunalega útliti og einkennum.

**Heiðargerði 59-65** - Reist 1952-1954. Hönnuður Þór Sandholt. Húsin mynda heillega götumynd sem haldið hafa sínu upprunalega útliti og einkennum.

**Heiðargerði 40-48** - Reist 1952-1955. Hönnuðir Guttormur Andrésson (40-46), Hafliði Jóhannsson (46) og Aðalsteinn Richter (48). Saman mynda þessi hús upprunalega götumynd sem hefur mikið gildi fyrir botnlanga Heiðargerðis sunnan aðalgötunnar.

**Heiðargerði 88-98** - Reist 192-1956. Hönnuður Óskar Sverrisson (90), Gunnlaugur Pálsson (88 og 98), Gunnar H. Ólafsson (92-94) og Ágúst Pálsson (96). Saman mynda þessi hús upprunalega götumynd sem hefur mikið gildi fyrir botnlanga Heiðargerðis sunnan aðalgötunnar.

**Hvassaleiti 1-9 -** Raðhús reist 1959. Hönnuður Kjartan Sveinsson byggingartæknifræðingur.

**Hvassaleiti 69-75 og 77-85 -** Raðhús reist 1959. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt.

**Hvassaleiti 87-99** - Raðhús reist 1960-1963. Hönnuður Gunnar Hansson arkitekt.

**Láland 22** - Reist 1973. Hönnuður Ferdinand Alfreðsson arkitekt.

**Safamýri 16 og 18** - Reist 1962. Hönnuður Gunnar Hansson arkitekt.

**Sogavegur 75** - Vonarland. Reist 1926. Hönnuður ókunnur. Erfðafestubýli

**Sogavegur 111-113** - Melbær. Reist 1928. Hönnuður ókunnur. Erfðafestubýli.

**Starmýri 4 -** Reist 1962. Hönnuður Gunnar Hansson arkitekt.

**GULUR FLOKKUR**: Samstæður húsa og heildir.

**Bústaðavegur - Hólmgarður - Hæðargarður**
Hverfið var skipulagt af Reykjavíkurborg um 1950. Fyrsta skipulagða hverfið í þessum borgarhluta. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og tryggja heilstæða vernd á yfirbragði hennar og mælikvarða í deiliskipulagi.

**Smáíbúðahverfið**

Reist samkvæmt skipulagsuppdrætti frá árinu 1951. Heilsteypt og rótgróin byggð stakstæðra og samstæðra íbúðarhúsa sem hefur yfir sér heildstætt yfirbragð. Yfirbragð byggðarinnar mótast af því að haldin var samkeppnir um teikningar að smáhúsum og valdar voru nokkrar húsagerðir sem húsbyggjendur gátu valið á milli. Skipulag hverfisins hefur einnig sérstöðu að því leyti að þar voru fyrstu botnlangagöturnar í Reykjavík. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild. Mikilvægt er að tryggja heilstæða vernd á yfirbragði *Smáíbúðahverfisins* og mælikvarða í deiliskipulagi.

**HÚS BYGGÐ FYRIR 1925 -** ekki varðveisluflokkur heldur kveðið á um umsagnarskyldu. Hús byggð 1925 eða fyrr og kirkjur reistar 1940 eða fyrr. Hús sem skylt er að leita umsagnar Minjastofnunar um breytingar, flutning eða niðurrif, í samræmi við 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Á skrá eru hús byggð 1925 eða fyrr samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Fyrirvari er gerður um að þar sem ekki hafa verið gerðar húsakannanir á öllu svæðinu getur verið ósamræmi milli fasteignaskrár og húsaskrá Reykjavíkur. Komi upp vafamál ber að hafa samband við Minjasafn Reykjavíkur á netfangið minjasafn@reykjavik.is

**Hús byggð 1914-1925**

Samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands er elsta húsið í borgarhluta 5 reist árið 1926.

**2.4.1 Gerði.** *Bústaðahverfi*. Bústaðavegur, Grensásvegur, Hólmgarður, Tunguvegur, Hæðargarður og Ásgarður.



*Skipulagsuppdráttur að íbúðarhverfinu við Bústaðaveg, Hólmgarð og Hæðargarð frá árinu 1949. Skjalasafn Umhverfis-og skipulagssviðs Reykjavíkur.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

## Saga og einkenni byggðar

Fyrsti skipulagði hverfishlutinn í borgarhluta 5, Háaleiti, reis við Bústaðaveg á árunum 1949-1952. Þá voru reist 53 tveggja hæða fjórbýlishús við Bústaðaveg, Hólmgarð og Hæðargarð. Skipulagsuppdrátt að hverfinu gerði Sigmundur Halldórsson arkitekt og var hann samþykktur árið 1949. Staðsetning húsanna langt frá meginbyggðinni var gagnrýnd en Bústaðaholt hafði orðið fyrir valinu þar sem að þar þurfti lítið að grafa fyrir húsunum. Á þessum slóðum, eftir Bústaðaholti endilöngu, lá einnig aðalæð hitaveitunnar frá Reykjum í Mosfellssveit í safngeymana á Öskjuhlíð, en hún hafði verið lögð á árunum 1939-1943. Gatan Hæðargarður var lögð samsíða hitaveitustokknum og hið nýja íbúðahverfi skipulagt á svæðinu sunnan hennar og niður að Bústaðavegi.

Í skipulagi hverfisins var einnig gert ráð fyrir lítilli verslunarmiðstöð, dagheimili, leikvöllum og garði eða rými fyrir samkomuhús. Samkvæmt því reis fljótlega verslunarhús í miðju hverfinu (Hólmgarður 34) þar sem starfræktar voru ýmsar verslanir og þjónusta fram til um 1990. Á reit við miðja götuna Hólmgarð var einnig skipulagður almenningsgarðurinn *Garðaflöt* sem opnaður var árið 1960.

Á árunum 1957-1961 voru byggð raðhús meðfram Réttarholtsvegi og Tunguvegi og við götuna Ásgarð sem lögð var í skeifu upp frá Bústaðavegi. Efst við Ásgarð voru byggð þrílyft fjölbýlishús árið 1961 og árið 1962 var reist verslunarhús í innri hluta skeifunnar.

### Varðveislumat 2013

***Samstæður húsa og heildir*** sem lagt er til að vernda með hverfisvernd - gulur flokkur.

**Bústaðavegur - Hólmgarður - Hæðargarður**

Hverfið var skipulagt af Reykjavíkurborg um 1950. Fyrsta skipulagða hverfið í þessum borgarhluta. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og tryggja heilstæða vernd á yfirbragði hennar og mælikvarða í deiliskipulagi.



*Hús við Hólmgarð eða Hæðargarð Bústaðahverfi um 1951. Ljósm. Sigurhans E. Vignir. LsR. VIG Reykjavíkurbær Bústaðir 3.*

## 2.4.2 **Gerði**. *Smáíbúðahverfið.*




*Uppdráttur að skipulagi Smáíbúðahverfis og Bústaðahverfis frá 1951. Hér tekið eftir: Reykjavík 1954: Störf og stefna Sjálfstæðismanna í bæjarmálum höfuðstaðarins.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

### Saga og einkenni byggðar

Í framhaldi af byggingu Bústaðavegshúsanna um 1950 setti bæjarstjórn á stofn nefnd sem kanna skyldi möguleikana á uppbyggingu smáhúsahverfis fyrir fólk í húsnæðisvanda. Árið 1951 lá fyrir ákvörðun um staðarval og skipulagsuppdráttur af svæðinu. Hverfinu, sem nefnt var *Smáíbúðahverfið*, var valinn staður á Bústaðaholti, á svæði sem afmarkaðist af Miklubraut í norðri og Hæðargarði í suðri og teygði sig vestur fyrir Grensásveg og austur fyrir Tunguveg. Fyrstu lóðunum var úthlutað sumarið 1951 og haustið 1952 voru framkvæmdir hafnar á um 450 lóðum. Þá hafði fjárhagsráð látið undan þrýstingi og heimilað byggingu smáhúsa allt að 80 fermetra að flatarmáli, með 1,4 metra háu risi. Fljótlega var heimilað að hækka ris húsanna í 2 metra og byggja kjallara undir þau þar sem aðstæður leyfðu.

Heilu fjölskyldurnar lögðu nótt við dag við að grafa grunna og slá upp fyrir húsunum. Flestir þurftu að byggja að mestu fyrir eigið fé eða lánsfé frá vinum og ættingjum því fáir fengu fyrirgreiðslu hjá svonefndri lánadeild smáíbúða sem komið var á fót snemma árs 1952. Bærinn greiddi hins vegar götu húsbyggjenda á ýmsan hátt, m.a. með því að leggja götur og ræsi, gera lóðirnar byggingarhæfar og útvega teikningar gegn vægu verði.

Haldin var samkeppni um teikningar að smáhúsum, bæði litlum einbýlishúsum og sambyggðum húsum. Að henni lokinni gátu menn valið milli uppdrátta eftir arkitektana Gunnar Ólafsson, Bárð Ísleifsson, Þór Sandholt og Gunnlaug Pálsson, auk þess sem Guttormur Andrésson og Hannes Davíðsson gerðu uppdrætti sem ýmsir byggðu eftir. Uppdrættirnir voru miðaðir við 80 fermetra hámarksstærð sem hægt var að byggja í áföngum og gert var ráð fyrir að seinna yrði hægt að stækka húsin í 90-100 fermetra. Vegna þessa fyrirkomulags fékk hverfið á sig heildarsvip þó húsin hefðu jafnframt fjölbreytt yfirbragð. Skipulag hverfisins hefur einnig sérstöðu að því leyti að þar voru fyrstu botnlangagöturnar í Reykjavík.

*Smáíbúðahverfið* var nánast fullbyggt árið 1955 og var þá fjölmennasta hverfi Reykjavíkur austan Snorrabrautar og bjuggu þar þá rúmlega fjögur þúsund manns. Ástand húsanna er misjafnt og hefur mörgum þeirra verið breytt frá upprunalegu horfi og ýmsar gerðir viðbygginga, ofanábygginga og kvista er að finna við húsin. Yfirbragð hverfisins er fínlegt og garðar grónir.

### Varðveislumat 2013

***Samstæður húsa og heildir*** sem lagt er til að vernda með hverfisvernd - gulur flokkur.

### Smáíbúðahverfið

Reist samkvæmt skipulagsuppdrætti frá árinu 1951. Heilsteypt og rótgróin byggð stakstæðra og samstæðra íbúðarhúsa sem hefur yfir sér heildstætt yfirbragð. Yfirbragð byggðarinnar mótast af því að haldin var samkeppnir um teikningar að smáhúsum og valdar voru nokkrar húsagerðir sem húsbyggjendur gátu valið á milli. Skipulag hverfisins hefur einnig sérstöðu að því leyti að þar voru fyrstu botnlangagöturnar í Reykjavík. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild. Mikilvægt er að tryggja heilstæða vernd á yfirbragði *Smáíbúðahverfisins* og mælikvarða í deiliskipulagi.

## 2.4.3 **Gerði**. Heiðargerði og Hvammsgerði.



*Heiðargerði 32. Teikning eftir Bárð Ísleifsson arkitekt frá árinu 1952. Teikningavefur Reykjavíkurborgar.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

### Saga og einkenni byggðar

Heiðargerði og Hvammsgerði eru hluti af *Smáíbúðahverfinu.* Við þessar tvær götur standa 112 hús og eru þau flest steinsteypt en nokkur hlaðin úr holsteini eða vikusteini. Húsin eru flest byggð á árunum 1953-1955. Mörg húsanna eru teiknuð af arkitektum sem voru starfandi á þeim tíma og má þar meðal annars nefna arkitektana Þór Sandholt, Gunnar Ólafsson og Gunnlaug Pálsson.

Húsin við Heiðargerði 3-65 (oddatölur) eru hönnuð af Þór Sandholt arkitekt og mynda þau skýra og samstæða hverfisheild. Öll húsin voru áþekk í upphafi ef frá eru talin tilbrigði í gluggaskipan, auk þess sem mismunandi efni voru notuð við frágang utanhúss. Útlitseinkennum flestra húsa á svæðinu hefur verið breytt í gegnum tíðina, s.s. gluggapóstum, þakköntum og þakefnum, útveggir hafa verið klæddir og misstórar viðbyggingar gerðar við einstök hús. Í fæstum tilfellum hefur verið tekið tillit til aldurs og stíls húsanna við hönnun breytinga. Þau hús sem haldist hafa að mestu óbreytt eru Heiðargerði 13, 35, 55, 59 og 65. Af þessum húsum er Heiðargerði 35 upprunalegast og hefur gildi sem slíkt. Húsaraðirnar Heiðargerði 35-41 og 59-65 hafa haldist að mestu óbreyttar og hafa þær gildi sem heillegar götumyndir frá 6. áratug 20. aldar.

Húsunum við Heiðargerði 2-124 (sléttar tölur) og Hvammsgerði hefur talsvert verið breytt í gegnum tíðina. Þó má finna innan um nokkur sem hafa fengið að halda sinni upprunalegu mynd. Þar ber helst að nefna Heiðargerði númer 6, 18, 20, 34, 42, 46, 48, 54, 96 og 94.



*Heiðagerði 35-41 árið 2002. MsR.*



*Séð niður Hvammsgerði árið 2002. MsR.*

**Fyrir þetta svæði er í gildi varðveislumat í eftirfarandi húsakönnun**:
Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Heiðargerði, Hvammsgerði.* Reykjavík 2002.

## 2.4.3 **Gerði**. Heiðargerði og Hvammsgerði.




*Teikning Guttorms Andréssonar og Ólafs Guttormssonar að húsi í Hvammsgerði. Teikningavefur Reykjavíkurborgar.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

**Varðveislumat 2013**

Lögð er áhersla á að heildarsvipmóti húsanna við Heiðargerði og Hvammsgerði verði ekki raskað umfram það sem þegar er orðið. Hönnun breytinga og val utanhús efna á einstök hús taki tillit til upprunalegrar gerðar þeirra eftir því sem kostur er og umfang viðbygginga raski ekki mælikvarða byggðarinnar.

***Einstök hús, húsaraðir og götumyndir*** - rauður flokkur.

**Heiðargerði 35-41** - Reist 1952-1955. Hönnuður Þór Sandholt arkitekt. Húsin mynda heillega götumynd og hafa haldið sínu upprunalega útliti og einkennum.

**Heiðargerði 59-65** - Reist 1952-1954. Hönnuður Þór Sandholt. Húsin mynda heillega götumynd og hafa haldið sínu upprunalega útliti og einkennum.

**Heiðargerði 40-48** - Reist 1952-1955. Hönnuðir Guttormur Andrésson (40-46), Hafliði Jóhannsson (46) og Aðalsteinn Richter (48). Saman mynda þessi hús upprunalega götumynd sem hefur mikið gildi fyrir botnlanga Heiðargerðis sunnan aðalgötunnar.

**Heiðargerði 88-98** - Reist 1952-1956. Hönnuður Óskar Sverrisson (90), Gunnlaugur Pálsson (88 og 98), Gunnar H. Ólafsson (92-94) og Ágúst Pálsson (96). Saman mynda þessi hús upprunalega götumynd sem hefur mikið gildi fyrir botnlanga Heiðargerðis sunnan aðalgötunnar.

***Samstæður húsa og heildir*** sem lagt er til að vernda með hverfisvernd - gulur flokkur.

**Smáíbúðahverfið**

Reist samkvæmt skipulagsuppdrætti frá 1951. Heilsteypt og rótgróin byggð stakstæðra og samstæðra íbúðarhúsa sem hefur yfir sér heildstætt yfirbragð. Yfirbragð byggðarinnar mótast af því að haldin var samkeppni um teikningar að smáhúsum og valdar voru nokkrar húsagerðir sem húsbyggjendur gátu valið á milli. Skipulag hverfisins hefur einnig sérstöðu að því leyti að þar voru fyrstu botnlangagöturnar í Reykjavík. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild. Mikilvægt er að tryggja heilstæða vernd á yfirbragði *Smáíbúðahverfisins* og mælikvarða í deiliskipulagi.



*Heiðargerði 61-63 árið 2002. MsR.*

**2.4.4 Gerði.** Sogavegur, Akurgerði, Grundargerði, Breiðagerði, Bakkagerði, Teigagerði, Steinagerði, Mosgerði, Melgerði, Hlíðargerði, Háagerði, Hæðargarður og Hólmgarður.



*Skipulag milli Melgerðis og Sogavegar. Uppdráttur frá 1965. Skjalasafn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

## Saga og einkenni byggðar

Áður en skipulögð var íbúðabyggð á þessu svæði var landinu skipt í erfðafestubletti (Sogamýrarbletti) þar sem risu smábýli, sumarhús og ýmis önnur mannvirki. Á greiningarsvæðinu er að finna eitt hús frá þessum tíma Sogaveg 75, Vonarland, reist 1926. Það er vitnisburður um horfið búsetulandslag á þessum slóðum.

Hverfishlutinn, sem er hluti af *Smáíbúðahverfinu*, byggðist upp að mestu á árunum 1950-1957. Einkenni byggðarinnar er þéttleiki og lágreist byggð, þá sér í lagi í norðurhluta hverfisins. Byggðin samanstendur af parhúsum og einbýlishúsum. Í mörgum tilfellum eru sömu teikningarnar notaðar fyrir mörg hús en hvert hús hefur fengið sín sérkenni gegnum tíðina. Þeim hefur verið misvel við haldið og misjafnt hversu trúar breytingarnar hafa verið upprunalegu útliti. Við Teigagerði, Steinagerði og Mosgerði eru mænisþök einkennandi í götumyndinni. Húsin eru í svipuðum hlutföllum innan hverrar götu fyrir sig. Flest húsin eru klædd með bárujárni á þaki en klæðning húsanna er af mismunandi toga sem ljáir götumyndinni ákveðinn fjölbreytileika.

Austanmegin götu við Akurgerði standa tvílyft steinsteypt parhús eftir Þór Sandholt frá árunum í kringum 1952-1957. Sumum þeirra hefur verið breytt frá upprunalegu útliti. Við Akurgerði 1-9 og Sogaveg 16-24 standa lítil íbúðarhús, tvílyft úr steinsteypu frá árinu 1952 eftir Hannes Kr. Davíðsson arkitekt. Hafa þau gengið í gegnum mismiklar og misgóðar breytingar gegnum árin. Einkennandi er þó að húsunum við Akurgerði hefur frekar verið haldið nær upprunalegri mynd heldur en þeim er standa við Sogaveg. Við Akurgerði standa nokkur hús reist eftir teikningum Guttorms Andréssonar arkitekts og Ólafs Guttormssonar mælingamanns og teiknara. Hefur sumum þeirra verið breytt frá upphaflegri gerð sinni en form húsanna hefur haldist.

Hæðargarður 1-27 eftir Vífil Magnússon arkitekt frá árinu 1977 er fjölbýlishús sem byggir á ákveðinni hugmyndafræði, þ.e. lágreist fjölbýlishús sem mynda hring þar sem sameiginlegur garður er í miðjunni. Húsið fylgir þeim þéttleika byggðar sem er í þessum hluta hverfisins, þ.e. steinsteypt með mænisþaki.

Sunnanmegin við Hæðargarð standa tvílyft steinsteypt fjölbýlishús með risi er raða sér meðfram götunni og setja mikinn svip á umhverfi sitt og gefa götunni sérstakt yfirbragð. Fyrir framan húsin við Hæðargarð eru mótasteypt grindverk, sem einnig setja svip sinn á götumyndina.

Innan greiningasvæðisins er starfræktur grunnskólinn Breiðagerðisskóli og leiksskólinn Jörfi.



*Hús við Hæðagarð eftir Vífill Magnússon árið 2013. MsR.*

**2.4.4 Gerði.** Sogavegur, Akurgerði, Grundargerði, Breiðagerði, Bakkagerði, Teigagerði, Steinagerði, Mosgerði, Melgerði, Hlíðargerði, Háagerði, Hæðargarður og Hólmgarður.



*Teikningar frá 1975 að útliti húsa við Hæðargarð 1-27, eftir Vífil Magnússon arkitekt. Teikningavefur Reykjavíkurborgar.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

**Varðveislumat 2013**

Byggðin í norðurhluta hverfishlutans er mjög þétt og heildstæð þar sem lítil einbýlishús eru einkennandi ásamt parhúsum. Vert er að halda í þetta byggðarmynstur og fara með gát í breytingar á hverfinu. Skoða ætti hvernig breytingar húss sem er hluti af heild hefur áhrif á heildarmynd, sér í lagi þar sem um þyrpingu sömu gerðar húsa er að ræða, líkt og við Akurgerði og Sogaveg.

***Einstök hús, húsaraðir og götumyndir*** - rauður flokkur.

**Akurgerði 1-9** - Reist 1953. Hönnuður Hannes Kr. Davíðsson arkitekt.

**Akurgerði 11-13, 15-17 og 19-21** - Reist 1953-1961. Hönnuðir Guttormur Andrésson arkitekt og Ólafur Guttormsson teiknari.

**Breiðagerði 20** - *Breiðagerðisskóli*. Fyrsti hluti reistur 1956-57. Austurálma 1961. Sundlaug 1964. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.

**Sogavegur 75** - Vonarland. Reist 1926. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson. Erfðafestubýli.

***Samstæður húsa og heildir*** sem lagt er til að vernda með hverfisvernd - gulur flokkur .

**Smáíbúðahverfið**

Reist samkvæmt skipulagsuppdrætti frá 1951. Heilsteypt og rótgróin byggð stakstæðra og samstæðra íbúðarhúsa sem hefur yfir sér heildstætt yfirbragð. Yfirbragð byggðarinnar mótast af því að haldin var samkeppni um teikningar að smáhúsum og valdar voru nokkrar húsagerðir sem húsbyggjendur gátu valið á milli. Skipulag hverfisins hefur einnig sérstöðu að því leyti að þar voru fyrstu botnlangagöturnar í Reykjavík. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild. Mikilvægt er að tryggja heilstæða vernd á yfirbragði *Smáíbúðahverfisins* og mælikvarða í deiliskipulagi.



*Sogavegur 16-24 frá árinu 1953 eftir Hannes Kr. Davíðsson arkitekt árið 2013. MsR..*



*Akurgerði 1-9 frá árinu 1953 eftir Hannes Kr. Davíðsson arkitekt. Ljósmynd frá árinu 2013. MsR.*

## 2.4.5 **Gerði**. Réttarholtsvegur, Hamarsgerði, Langagerði, Sogavegur og Tunguvegur.



*Vinnukort skipulagsdeildar af hluta Smáíbúðahverfis frá 1952. Skjalasafn Umhverfis-og skipulagssviðs Reykjavíkur.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

### Saga og einkenni byggðar

Húsin á greiningarsvæðinu voru reist á árunum 1940-1987 en svæðið tilheyrir *Smáíbúðahverfinu*. Elsta húsið stendur við Sogaveg 186 en það var reist árið 1940. Á árum síðari heimsstyrjaldar risu jafnframt hús við Sogaveginn sem fólk reisti fyrir utan skipulag og með bráðabirgðaleyfi frá yfirvöldum. Húsin risu á svokölluðum erfðafestulöndum og fengu mörg hver ekki byggingarleyfi fyrr en mörgum árum eftir byggingu þeirra. Eitt af þessum húsum er Tunguvegur 20, *Sólheimar* (Bústaðablettur 15) reist árið 1943.

Nær undantekningalaust er um fyrstu kynslóð húsa að ræða þó nokkur hús hafi þurft að víkja fyrir nýjum húsum. Innan hverfisins gætir ýmissa stílbrigða og eru þar bæði steinsteypt hús og timburhús. Er það einkum við Sogaveg sem hin einföldu timbur- og steinsteypuhús standa, en þó hafa sum þeirra þurft að víkja í seinni tíð vegna nýrra bygginga. Timburhúsin eru lág og án nokkurs skrauts. Algengt er að byggt hafi verið við húsin ýmist úr timbri eða steinsteypu. Mörg þessara timburhúsa voru forsköluð. Misjafnt er hversu miklar breytingar hafa verið gerðar á húsunum. Sum hafa verið hækkuð og fengið kvist. Í seinni tíð hafa sólskálar verið algengar viðbyggingar við húsin. Húsunum hefur verið misvel við haldið sem og lóðum. Innan greiningasvæðisins er rekinn leikskólinn Vinagerði og grunnskólinn Réttarholtskóli. Réttarholtsskóli tók til starfa árið 1956 en húsið hannaði Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt.

### Varðveislumat 2013

***Samstæður húsa og heildir*** sem lagt er til að vernda með hverfisvernd - gulur flokkur.

### Smáíbúðahverfið

Reist samkvæmt skipulagsuppdrætti frá 1951. Heilsteypt og rótgróin byggð stakstæðra og samstæðra íbúðarhúsa sem hefur yfir sér heildstætt yfirbragð. Yfirbragð byggðarinnar mótast af því að haldin var samkeppni um teikningar að smáhúsum og valdar voru nokkrar húsagerðir sem húsbyggjendur gátu valið á milli. Skipulag hverfisins hefur einnig sérstöðu að því leyti að þar voru fyrstu botnlangagöturnar í Reykjavík. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild. Mikilvægt er að tryggja heilstæða vernd á yfirbragði *Smáíbúðahverfisins* og mælikvarða í deiliskipulagi.

**Fyrir þetta svæði hefur verið gerð húsakönnun**: Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Hamarsgerði, Langagerði, Sogavegur, Tunguvegur.* Reykjavík 2004.

**2.4.6 Gerði**. Rauðagerði, Borgargerði, Básendi, Ásendi, Garðsendi, Ágarður, Litlagerði, Skógargerði, Leynigerði, Austurgerði og Byggðarendi.



*Skipulagsuppdráttur frá 1972 sem sýnir byggð við Rauðagerði og Sogaveg. Skjalasafn Umhverfis-og skipulagssviðs Reykjavíkur.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

### Saga og einkenni byggðar

Elsti hluti byggðarinnar á greiningarsvæðinu er við Borgargerði, Sogaveg, Rauðagerði og Tunguveg og reis á erfðafestublettum (Sogablettum) áður en *Smáíbúðarhverfið* var skipulagt. Hluti af þessari eldri byggð eru húsin við Skógargerði 2 (*Bjarnastaðir,* Bústaðablettur 14, reist 1932), Tunguveg 28 (*Búland*, Bústaðablettur 14, reist 1932), Sogavegur 111-113 ( *Melbær,* Sogamýrarblettur 12a, reist 1928), Austurgerði 7 (*Vindás,* Bústaðablettur 17, reist 1933), Bústaðablett 18 (*Bjarkarhlíð*, reist 1935) og Litlagerði 2 (*Áshóll*, Bústaðablettur 19, reist 1933). Byggðin hefur á löngum tíma verið endurnýjuð.

Hverfishlutinn byggðist upp á þremur áratugum. Stór hluti húsanna var reistur á tímabilinu 1955-1965. Við Austurgerði og Byggðarenda eru hús frá árunum 1970-1976 og yngstu húsin er að finna inni á milli við Rauðagerði en þau voru byggð á árunum 1980-1983.

Mikill heildarsvipur er á svæðinu þó glöggt megi sjá skiptingu á byggingartímabilum innan þess bæði hvað varðar stærð, form og efnisval, sem óneitanlega veitir svæðinu fjölbreytileika. Við hinar eldri götur eru húsin minni og þar tvinnast saman timburhús og steinhús. Þakform húsanna er með ýmsum hætti, klæðning og litaval. Sumum húsanna hefur verið breytt frá upphaflegri gerð með stærri þakköntum, nýrri klæðningu eða breyttri gluggagerð. En heildarsvipmót helst eftir sem áður.

Við Rauðagerði mætast ákaflega blönduð stíleinkenni þar sem töluvert hefur verið byggt við húsin þar í gegnum þau tímabil sem svæðið byggðist upp.

Við Austurgerði og Byggðarenda má finna stór einbýlishús sem mörg hver eru lítið breytt frá upphaflegri gerð. Eru nokkur þeirra góðir fulltrúar síns tíma.

Bústaðakirkja, sem stendur við Tunguveg 25, var reist á árunum 1964-1971. Kirkjan er eitt af fyrstu verkum Helga Hjálmarssonar arkitekts en frumdrögin vann hann sem starfsmaður húsameistara ríkisins. Það sem þótti nýlunda við byggingu kirkjunnar var að frá upphafi var gert ráð fyrir sérstöku safnaðarheimili. Steindir gluggar eftir Leif Breiðfjörð setja mikinn svip á kirkjuna. Kirkjan var vígð í desember 1971 en safnaðarheimilið og kirkjuturninn voru reist síðar.

### Varðveislumat 2013

***Einstök hús, húsaraðir og götumyndir*** **-** rauður flokkur.

**Bústaðakirkja** - Tunguvegur 25. Reist 1964-1971. Hönnuður Helgi Hjálmarsson arkitekt.

**Byggðarendi 3** - Reist 1970. Hönnuðir Eðvarð Guðmundsson arkitekt og Steingrímur Th. Þorleifsson.

**Byggðarendi 11** - Reist 1969. Hönnuður Guðmundur Kristinn Guðmundsson arkitekt.

**Sogavegur 111-113** - Melbær. Reist 1928. Hönnuður ókunnur. Erfðafestubýli.

***Samstæður húsa og heildir*** sem lagt er til að vernda með hverfisvernd - gulur flokkur.

**Smáíbúðahverfið**

Reist samkvæmt skipulagsuppdrætti frá 1951. Heilsteypt og rótgróin byggð stakstæðra og samstæðra íbúðarhúsa sem hefur yfir sér heildstætt yfirbragð. Yfirbragð byggðarinnar mótast af því að haldin var samkeppni um teikningar að smáhúsum og valdar voru nokkrar húsagerðir sem húsbyggjendur gátu valið á milli. Skipulag hverfisins hefur einnig sérstöðu að því leyti að þar voru fyrstu botnlangagöturnar í Reykjavík. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild. Mikilvægt er að tryggja heilstæða vernd á yfirbragði *Smáíbúðahverfisins* og mælikvarða í deiliskipulagi.

**2.4.7 Gerði**. Furugerði, Espigerði, Stóragerði, Álmgerði, Brekkugerði, Víðigerði, Seljugerði, Hlyngerði, Furugerði og Skálagerði.



*Teikningar Gísla Halldórssonar arkitekts og Ólafs Júlíussonar byggingafræðings af Skálagerði 3-5 og 7-9 frá árinu 1959. Teikningavefur Reykjavíkurborgar.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

**Saga og einkenni byggðar**

Áður en skipulögð var íbúðabyggð á þessu svæði var landinu skipt í erfðafestubletti þar sem risu smábýli, sumarhús og ýmis önnur mannvirki. Á greiningarsvæðinu er að finna þrjú hús frá þessum tíma, Hlyngerði 6 (Fossvogsblettur 32) reist 1946, Brekkugerði 13 (Sogamýrarblettur 59) reist 1942 og Furugerði 23, *Grænuhlíð* (Sogamýrarblettur 47) reist 1949. Þau eru vitnisburður um horfið búsetulandslag á þessum slóðum.

Hverfið byggðist upp í tveimur áföngum, á árunum 1958-1966 og 1973-1977. Svæðið norðan Álmgerðis byggðist að mestu upp á árunum 1958-1966. Sunnan við Álmgerðis hófst uppbygging í kringum 1973-1977, þótt finna megi þar einstaka hús frá í kringum 1980. Yngsta húsið í hverfinu stendur við Stóragerði og var reist árið 2010.

Við Stóragerði raða fjögurra hæða fjölbýlishús sér meðfram Háaleitisbrautinni en þau eru eitt af kennileitum Háaleitishverfisins. Húsin voru látin snúa að íbúar nytu sem mest sólar, með svalir í suðurátt og jafnframt garð er snýr í suður. Aðkoma að húsunum er norðanmegin. Austanmegin í götunni eru minni fjölbýlishús þar sem einkennandi eru stórar íbúðir í tví- til þríbýlishúsum. Húsin eru byggð í móderniskum stíl, steinsteypt upp á 2 til 3 hæðir með einhallandi þaki. Stórir sléttir fletir og stórir gluggar setja svip sinn á húsin. Jafnframt er eitt af einkennum þessara húsa hinir ferhyrndu gluggar sem kallast á við gluggagerðina í fjölbýlishúsunum hinum megin í götunni. Svalir snúa ýmist í suður- eða vesturátt. Húsin eru dregin inn frá götu og gert er ráð fyrir bílastæði við hvert hús.

Við Brekkugerði raða einbýlishús sér meðfram götunni. Einkenni götunnar eru hin stakstæðu hús sem mörg hver eru fulltrúar síns tíma og standa sum óbreytt frá því að þau voru byggð. Þar gætir blandaðra stíleinkenna og einnig er þar að finna framúrstefnulegan arkitektúr Högnu Sigurðardóttur við Brekkugerði 19.

Byggðin fer hækkandi í austurátt þar sem minni fjölbýlishús standa við Skálagerði.

Í suðvesturhorni hverfisins eru steinsteypt einbýlishús frá um 1974. Flest eru þau á 2 hæðum og oft með áberandi þakkanti. Húsin eru inndregin frá götu og bílastæði fyrir framan hvert hús. Göturnar eru botnlangagötur og er umferð þannig beint úr íbúðarhverfinu gegnum stofngötur hverfisins.

Samfara hækkandi landslagi hækka byggingarnar. Á hæsta punkti tróna hin stóru fjölbýlishús við Espigerði sem jafnframt eru eitt af kennileitum Gerðanna.

Innan greiningasvæðisins er starfræktur grunnskólinn Háaleitisskóli sem áður hét Hvassaleitisskóli. Þá er endurhæfingardeild Landspítala á Grensási við Álmgerði 1.



*Götumynd: horft í suðurátt, Stóragerði árið 2013. MsR.*

**2.4.7 Gerði**. Furugerði, Espigerði, Stóragerði, Álmgerði, Brekkugerði, Víðigerði, Seljugerði, Hlyngerði, Furugerði og Skálagerði.



*Hlyngerði 6 frá árinu 1945 eftir Einar Sveinsson arkitekt. Teikningavefur Reykjavíkurborgar.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

**Varðveislumat 2013**

***Einstök hús, húsaraðir og götumyndir*** - rauður flokkur.

**Brekkugerði 19** - Reist 1963. Hönnuður Högna Sigurðardóttir arkitekt.
**Brekkugerði 10** - Reist 1953. Hönnuður Kjartan Sveinsson byggingartæknifræðingur.
**Brekkugerði 12** - Reist 1960. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt.
**Brekkugerði 24** - Reist 1962. Hönnuður Teiknistofan Ármúla 6; Gísli Halldórsson arkitekt, Jósef Reynis arkitekt og Ólafur Júlíusson byggingafræðingur.
**Brekkugerði 26** - Reist 1960. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt.



*Blokkirnar við Furugerði og Espigerði. Hólmgarður 2-4 í forgrunni. Mynd tekin árið 2013. MsR..*



*Brekkugerði 12 frá árinu 1960, hannað á teiknistofu Sigvalda Thordarsonar arkitekts. Mynd tekin árið 2013. MsR..*



*Hlyngerði 7 frá árinu 1973. Hönnuðir Helgi Hjálmarsson arkitekt og Vilhjálmur Hjálmarsson arkitekt. Mynd tekin árið 2013. MsR.*

## 2.4.8 **Háaleiti**. Álftamýri, Safamýri, Starmýri, Háaleitisbraut og Fellsmúli.



*Skipulagsuppdráttur af Safamýri og Álftamýri frá 1961. Skjalasafn Umhverfis-og skipulagssviðs Reykjavíkur.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

**Saga og einkenni byggðar**

Hverfið byggðist upp á 7. áratug 20. aldar samkvæmt uppdrætti frá 1960. Yfirbragð hverfisins er heildstætt, þar sem skiptast á fjölbýlishúsa-, raðhúsa- og sambýlishúsasvæði. Fjögurra hæða fjölbýlishús raða sér meðfram jaðri svæðisins við Háaleitisbraut, Álftamýri og Safamýri og mynda einskonar virki kringum hina lægri byggð. Húsin bera öll einkenni síns tíma þar sem módernisminn í arkitektúr var allsráðandi.

Gatan Fellsmúli efst á Grensási er hluti af þessari íbúðabyggð en þar efst á hæðinni standa fjölbýlishús og raða sér niður eftir brekkunni í austurátt.

Innan greiningasvæðisins eru starfræktir grunnskólarnir Háaleitisskóli við Álftamýri og Safamýrarskóli. Þá hefur Knattspyrnufélagið Fram aðalstöðvar við Safamýri 25.

**Varðveislumat 2013**

***Einstök hús, húsaraðir og götumyndir*** - rauður flokkur.

**Safamýri 16 og 18** - Reist 1962. Hönnuður Gunnar Hansson arkitekt.

**Starmýri 4** - Reist 1962. Hönnuður Gunnar Hansson arkitekt.



*Fjölbýlishús við Háaleiti og Álftamýri árið 2013. MsR.*



*Starmýri 4 eftir Gunnar Hansson arkitekt. Mynd tekin árið 2013. MsR..*

## 2.4.9 **Háaleiti**. Hvassaleiti og Kringlan.



*Teikningar af Hvassaleiti 137-151 eftir Gunnar Hansson, frá árinu 1959. Skjalasafn Umhverfis-og skipulagssviðs Reykjavíkur.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

### Saga og einkenni byggðar

Meginhluti byggðar í Hvassaleiti og við Kringluna eru fjölbýlishús og raðhús sem flest öll eru byggð á árunum 1960-1964. Fjögurra hæða fjölbýlishús við Hvassaleiti 10-30, sem liggja meðfram Miklubraut, sem klýfur Háaleitishverfið í tvennt, í norður- og suðurhluta. Syðsti hluti Hvassaleitisins byggðist á árunum 1984-1987 og má sjá skil í arkitektúr svæðisins á þeim tíma þar sem sem byggingarstíll og efnisval tekur breytingum.

Raðhúsin við Hvassaleitið eru steinsteypt, tvílyft og flest með flötu þaki í móderniskum stíl. Húsin eru flest í upprunalegri mynd en byggðir hafa verið sólskálar við einstaka hús. Vestan megin við Hvassaleitið eru minni fjölbýlishús, tvílyft séð frá götu en flest með íbúð á neðri hæð, jarðhæð, þar sem byggt er í miklum halla.

Við Kringluna eru minni þrí- og tvílyft steinsteypt fjölbýlishús með mænisþaki. Í suðvesturhorni hverfisins eru íbúðir fyrir aldraða í sjö hæða fjölbýlishús sem byggt var árið 1985. Í suðausturhorni hverfisins er fjögurra hæða fjölbýlishús byggt árið 1963 af Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, sem kallast á við önnur hús sem standa við Háaleitisbraut. Innan hverfisins er verslunar- og þjónustumiðstöðin Austurver við Háaleitisbraut frá sem reist var á árunum 1964-1967 og leikskólinn Austurborg. Þá stendur Grensáskirkja við Háaleitisbraut 66 en hana teiknuðu arkitektarnir Jósef Reynis og Gísli Halldórsson.







*Myndir úr Hvassaleiti teknar árið 2012. MsR.*

## 2.4.9 **Háaleiti**. Hvassaleiti og Kringlan.



*Teikning af kirkju og safnaðarheimili Grensássóknar við Háaleitisbraut frá árinu 1966. Þetta eru elstu tillögur að kirkjunni en hún var síðan reist árið 1996. Teikningavefur Reykjavíkurborgar.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

**Varðveislumat 2013**

Innan hverfisins eru mörg eftirtektarverð hús sem eru góð höfundardæmi og jafnframt fulltrúar síns tíma, bæði hvað varðar byggingarstíl og efnisval. Mikill heildarsvipur er á hverfinu sem vert er að halda í.

***Einstök hús, húsaraðir og götumyndir*** - rauður flokkur.

**Hvassaleiti 1-9 -** Raðhús reist 1959. Hönnuður Kjartan Sveinsson byggingartæknifræðingur.

**Hvassaleiti 69-75** og **77-85 -** Raðhús reist 1959. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt.

**Hvassaleiti 87-99** - Raðhús reist 1960-1963. Hönnuður Gunnar Hansson arkitekt.

**Grensáskirkja** - Háaleitisbraut 66. Reist 1996. Hönnuður Jósef Reynis og Gísli Halldórsson, Teiknistofunni Ármúla hf..

**Safnaðarheimili Grensáskirkju** - Reist 1972. Hönnuður Skúli H. Norðdahl.



*Hvassaleiti 1-9 eftir Kjartan Sveinsson frá árinu 1959. Teikningavefur Reykjavíkurborgar.*



*Teikningar að Hvassaleiti 77-85 frá árinu 1959 eftir Sigvalda Thordarson arkitekt. Teikningavefur Reykjavíkurborgar.*

**2.4.10 Fossvogur**. Aðalland, Akraland, Ánaland, Áland, Álfaland, Álftaland, Árland, Bjarmaland, Brautarland, Brúnaland, Búland, Dalaland, Efstaland, Eyrarland, Gautland, Geitland, Giljaland, Goðaland, Grundarland, Haðaland, Helluland, Hjallaland, Hulduland, Hörðaland, Hörgsland, Kelduland, Kjalarland, Kúrland, Kvistaland, Ósland, Markland, Logaland, Ljósaland, Láland, Seljaland, Snæland, Sævarland, Traðarland, Undraland og Vogaland.



*Teikningar frá 1966 að Brúnalandi 1-11, eftir Kjartan Sveinsson. Teikningavefur Reykjavíkurborgar.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

### Saga og einkenni byggðar

Áður en skipulögð var íbúðabyggð á þessu svæði var landinu skipt í erfðafestubletti (Fossvogsbletti) þar sem risu smábýli, sumarhús og ýmis önnur mannvirki. Á greiningarsvæðinu er að finna fjögur hús frá þessum tíma. Það eru íbúðarhús á Fossvogsbletti 13 (reist 1939), sumarhús sem varð seinna leikskólinn Skógarborg á vegum Borgarspítala (Fossvogsblettur 40, byggt 1935, nú Háaleitisbraut 175/Áland 6), Undraland 4 (*Staður*, Bústaðablettur 6, reist 1933) og Vogaland 13 (*Arnarós,* Bústaðablettur 7, reist 1932). Þau eru vitnisburður um horfið búsetulandslag á þessum slóðum.

Hverfishlutinn Fossvogur byggðist að mestu upp á árunum 1968-1978. Byggt var samkvæmt deiliskipulagi frá árinu 1968, en það byggðist að nokkru á hugmyndum sem fram komu í samkeppni um svæðið sem haldin var árið 1961. Svæðið er formfast og yfirbragð þess heilsteypt. Við Bústaðaveginn standa lágreist fjölbýlishús, þá raðhús og neðst við dalbotninn eru einbýlishús sem voru upphaflega með flötu þaki en hefur síðar í mörgum tilfellum verið breytt á þann hátt að setthafa verið á þau valmaþök. Svipaður arkitektúr einkennir svæðið þó einhverra blæbrigða gætir inn á milli.

Borgarspítalinn er eitt af kennileitum hverfishlutans en hann var reistur á árunum 1952-1984 eftir teikningum arkitektanna Einars Sveinssonar og Gunnars H. Ólafssonar. Innan greiningarsvæðisins eru leikskólarnir Skógarborg, Furuborg og Kvistaborg. Fossvogsskóli er staðsettur neðst í hverfinu. Hann var fyrsti skólinn þar sem unnið var út frá hugmyndum um opinn skóla og tekur hönnun skólans mið af því. Skólinn var byggður í nokkrum áföngum frá 1971 til 1999. Hönnuður eldri hluta er Gunnar Hansson arkitekt og yngri hlutann hannaði Helga Gunnarsdóttir arkitekt.

### Varðveislumat 2013

***Einstök hús, húsaraðir og götumyndir*** - rauður flokkur.

**Bjarmaland 23** - Reist 1966. Hönnuður Guðmundur Kr. Kristinsson arkitekt.

**Grundarland 10** - Reist 1966. Hönnuður Guðmundur Kr. Guðmundsson arkitekt.

**Grundarland 19** - Reist 1968. Hönnuður Manfreð Vilhjálmsson arkitekt.

**Láland 22** - Reist 1973. Hönnuður Ferdinand Alfreðsson arkitekt.

**Haðaland 9** - Reist 1968. Hönnuður Kjartan Sveinsson.



*Láland 22 árið 2012. MsR.*

**2.4.11 Fossvogur**. Sléttuvegur, Fossvogsvegur, Markarvegur, Kjarrvegur, Klifvegur, Skógarvegur og Háaleitisbraut.



*Deiliskipulag neðan Sléttuvegar samþykkt 12. júlí 2007. Skipulagshöfundar Studio Granda. Skipulagssjá.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

### Saga og einkenni byggðar

Neðst á greiningarsvæðinu er að finna erfðafestu-blettina Fossvogsbletti 1 og 2. Skógræktarfélag Reykjavíkur hóf starfsemi sína á Fossvogsbletti 1 árið 1933 og var með starfsemi á svæðinu fram til ársins 2003. Í dag (2014) rekur Reykjavíkurborg á svæðinu ræktunarstöð sem hefur umsjón með ræktun blóma, matjurta og trjágróðurs fyrir útivistarsvæði borgarinnar.

Vestan við Fossvogshverfið hófst nýtt byggingartímabil einbýlishúsa um 1982 og annað í kringum árið 2006 þegar uppbygging á heimilum fyrir eldri borgara hófst við Sléttuveg.

Árið 2007 var samþykkt nýtt deiliskipulag neðan Sléttuvegar. Samkvæmt skipulaginu verður nýja byggðin þétt borgarbyggð með grænu yfirbragði og góðum tengingum við almenn útivistarsvæði. Leitast verður við að fella nýju byggðina sem best að þeirri byggð sem fyrir er og samanstendur af einbýlum, parhúsum og litlum fjölbýlishúsum neðst í Fossvogsdalnum en allt að 6 hæða háum fjölbýlishúsum ofan Sléttuvegar. Á deiliskipulagssvæðinu er fyrirhugað að Hrafnista reisi íbúðir fyrir aldraða, hjúkrunarheimili, og þjónustumiðstöð
með innisundlaug sem nýtist hverfinu öllu. Einnig að Samtök aldraðra byggi íbúðir fyrir félagsmenn. Nemendagarðar eru fyrirhugaðir og almennar íbúðir í fjölbýli. Neðst á svæðinu er gert ráð fyrir sérhæðum, raðhúsum og sambýli fyrir fatlaða.

### Varðveislumat 2013

Hér er um nýlega byggð að ræða. Sökum þess hversu ung byggðin er er ekki lagt mat á varðveislugildi hennar að svo stöddu.



*Götumynd við Háaleitisbraut árið 2012. MsR.*



*Götumynd við Fossvogsveg árið 2012. MsR.*

## 2.4.12 **Fossvogur**. *Blesugróf*. Blesugróf, Stjörnugróf, Jöldugróf og Bleikargróf.



*Byggð við Blesugróf. Uppdráttur eftir Eirík Einarsson frá 1954. Skjalasafn Umhverfis-og skipulagssviðs Reykjavíkur.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

### Saga og einkenni byggðar

Upp úr 1930 risu nokkur býli og sumarbústaðir á erfðafestulöndum í Blesugrófinni en í lok stríðsins hófst þar einskonar landnám og efnalítið fólk byrjaði að reisa sér þar smáhýsi til íbúðar án lóðaréttinda. Á greiningarsvæðinu er að finna tvö hús frá þessum tíma, Bústaðablett 10 við Stjörnugróf, (*Vellir,* reist árið 1935) og Stjörnugróf 11, (*Lækur,* Bústaðablettur 9, reist 1933). Þau eru vitnisburður um horfið búsetulandslag á þessum slóðum.

Uppbygging hverfisins skiptist niður í nokkur byggingartímabil. Það fyrsta var í kringum árin 1950-1955, annað byggingartímabil var á árunum 1961-1966 og hið þriðja var á árunum 1980-1983. Þó má finna hús á þessu svæði sem eru eldri og yngri en þau sem byggð voru á þessum tímabilum.

Á árunum 1961 og 1967 var gert deiliskipulag fyrir þennan hverfishluta og við gerð þess skipulags var tekið tillit til eldri byggðar og hún felld að nokkru leyti inn í hið nýja skipulag.

### Varðveislumat 2013

Í Blesugróf er að finna fjölbreytta byggð sem hefur byggst upp á löngum tíma.

Hverfið er mjög margbreytilegt hvað arkitektúr varðar, enda er ekkert eitt tímabil sem einkennir það. Þakgerðir, klæðningar, efnisval og gerðir hússanna eru ólík sem gefur hverfinu skemmtilegan og fjölbreytilegan blæ.



*Blesugróf 25 árið 2012. MsR.*



*Götumynd Blesugróf árið 2012. MsR.*

## 2.4.13 **Háaleiti**. *Múlar.* Ármúli, Fellsmúli, Lágmúli, Hallarmúli, Síðumúli, Vegmúli, Suðurlandsbraut og Grensásvegur.



*Fellsmúli 14-22 eftir Þorvaldur Kristmundsson arkitekt. Teikningasafn Reykjavíkurborgar.*



*Greiningarsvæði innan borgarhluta.*

### Saga og einkenni byggðar

Þessar götur tilheyra Háaleiti en eru í daglegu tali kallaðar Múlarnir. Einnig tilheyra svæðinu hús sunnan götunnar Suðurlandsbrautar og vestan Grensásvegar. Í Múlunum voru áður herskálahverfi og eftir stríð byggðist á svæðinu óskipuleg íbúðabyggð sem kölluð var Múlakampur.

Uppbygging svæðisins hófst um 1955-1960. Hverfið er skipulagt fyrir iðnað og þjónustu. Þar eru flestar byggingarnar frá tímabilinu 1956-1980 en inni á milli yngri byggingar frá í kringum 2000.

Vegna upphaflegs hlutverks svæðisins sem iðnaðar- og þjónustusvæðis er einkennandi að götur og aðkoma að húsunum er alfarið skipulagt með tilliti til akandi umferðar. Hlutverk Múlanna hefur þó breyst síðustu áratugi og er hinn eiginlegi iðnaður nú að mestu horfinn. Nú hýsir hverfið þjónustu, verslanir og skrifstofur þó þar megi jafnframt finna skemmtistað og hótel og einstaka gistihús. Þá er einnig starfræktur á greiningarsvæðinu Fjölbrautarskólinn í Ármúla og leikskólinn Múlaborg.

### Varðveislumat 2013

Greiningarsvæðið einkennist af nútímaskrifstofubyggingum og atvinnuhúsnæði sem umlukt eru bílastæðum og umferðargötum. Ekki er lagt mat á varðveislugildi svæðisins að svo stöddu.



*Háaleitisbraut og Fellsmúli. Uppdráttur frá 1973. Skjalasafn Umhverfis-og skipulagssviðs Reykjavíkur.*

**2.4.14 Kringla**. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrarbraut og Miklabraut.



